# FRÉTTABLAÐIÐ

133. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 7. JÚNÍ 2016


# Fylgi Guðna haggast ekki

**Sex af hverjum tíu sem afstöðu taka segjast myndu kjósa Guðna Th. í embætti forseta. Dósent í stjórnmálafræði segir að línurnar séu farnar að skýrast.**

**STJÓRNMÁL** Guðni Th. Jóhannesson heldur öruggu forskoti sínu á aðra frambjóðendur til forseta Íslands, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Sex af hverjum tíu sem afstöðu taka myndu kjósa Guðna í embættið ef kosið væri nú. Tæp átján prósent myndu kjósa Davíð Oddsson, tæp ellefu Andra Snæ Magnason og rúm sjö prósent myndu kjósa Höllu Tómasdóttur. Aðrir eru með minna.

Þetta þýðir að fylgi frambjóðendanna er nánast óbreytt frá því í könnun sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudaginn fyrir viku. Þar var Guðni einnig með stuðning 60 prósenta þeirra sem afstöðu tóku, Davíð Oddsson tæplega nítján, Andri Snær með rúmlega 11 prósent og Halla tæplega sex prósent. Breytingin er í öllum tilfellum innan vikmarka. Kosningar fara fram laugardaginn 25. júní, eða eftir átján daga.

Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur segir að niðurstöður könnunarinnar, sem og annarra sem gerðar hafa verið síðustu vikur sýni að línur séu að skýrast. „Þær sýna svo ótvírætt forskot Guðna. Davíð hefur ekki farið mikið upp fyrir tuttugu prósent. Aðrir eru svo með minna. Það er helst Halla sem er að sækja í sig veðrið og nálgast Andra.“

Hún segir svona mikið forskot eins frambjóðanda geta orðið til þess að kjörsókn verði lakari en ella. „Ef það er mjótt á mununum getur fólk talið að það skipti frekar máli að mæta á kjörstað til að hafa áhrif á niðurstöðuna.“

> **Ef það er mjótt á mununum getur fólk talið að það skipti frekar máli að mæta á kjörstað til að hafa áhrif á niðurstöðuna**
>
> Stefanía Óskarsdóttir dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands



Þegar rýnt er í niðurstöðu eftir kynjum sést að Andri Snær hefur umtalsvert meiri stuðning meðal kvenna en karla. Þrettán prósent kvenna sem afstöðu taka segjast myndu kjósa hann en 8,6 prósent karla. Guðni Th. hefur einnig talsvert meira fylgi meðal kvenna en 67 prósent kvenna styðja hann á móti tæplega 54 prósentum karla, Halla Tómasdóttir hefur stuðning 8,4 prósent karla en 6,2 prósent kvenna. Sá munur er þó innan vikmarka. Davíð Oddsson er líka vinsælli meðal karla en 24,8 prósent karla styðja hann á móti 11,1 prósenti kvenna.

Könnunin var gerð mánudagskvöldið 6. júní. Hringt var í 924 manns þar til náðist í 800 og var svarhlutfallið því 86,6 prósent. Spurt var: Ef forsetakosningar færu fram á morgun, hvern myndir þú kjósa? Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 67,3 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. **– jhh / fbj**

### Fylgi fjögurra efstu forsetaframbjóðendanna

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 6. júní 2016.






**Sextugur kóngur** Bubbi Morthens hélt upp á sextugsafmælið með pompi og prakt með tónleikum´i Hörpu. Ýmsir flytjendur stigu ásamt Bubba á svið og fluttu lög hans honum til heiðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fimmtíu laxar á fyrsta degi

**NÁTTÚRA** Laxveiðisumarið byrjar með metveiði í Norðurá og Blöndu.

„Lokatölur úr opnunarhollinu eru 77 laxar – að stofni til eru þetta stórlaxar á bilinu 80 til 95 sentímetrar en nokkrir smálaxar líka inn á milli sem gefur góð fyrirheit um framhaldið,“ segir Einar Sigfússon, sölustjóri Norðurár, og vísar til þess að það séu feikilega góðar fréttir fyrir komandi veiðisumar að smálax skuli þegar farinn að veiðast.

Tölurnar úr Blöndu eru ekki síðri. Eftir fyrsta daginn var 51 lax kominn á land á fjórar stangir.

**– shá /** **sjá síðu 8**



## Kvaddi Ísland með sigri

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck, fráfarandi landsliðsþjálfari Íslands, var kvaddur með virktum á Laugardalsvelli í gær er Ísland vann Liechtenstein, 4-0, í síðasta leik sínum fyrir EM í Frakklandi. Ísland heldur utan snemma í dag.

„Ég er snortinn djúpt í mínum hjartarótum,“ sagði Lagerbäck við Fréttablaðið í gær um kveðjustundina sem var haldin með stuðningsmönnum eftir leikinn í gær. Samningur Lagerbäck við KSÍ rennur út eftir EM í sumar. „Þetta er frábær tilfinning. Stuðninginn sem við höfum fengið hefur verið ótrúlegur. Ég vona að Íslendingum sé sama þótt ég líki þessu við Íslendingasögu,“ sagði hann. „Það hefur verið yndislegt að vinna hér og að vera hér. Svo að kveðja hér í kvöld fyrir framan næstum fullan völl. Já, þetta er eins og í sögu.“

**- esá**



> **Ég er snortinn djúpt í mínum hjartarótum**
>
> Lars Lagerbäck

### Fréttablaðið í dag

**LÍFIÐ** Arna Ýr Jónsdóttir bætti titlinum Ungfrú EM í safnið um liðna helgi. **22**



**SKOÐUN** Ólafur H. Johnson skrifar menntamálaráðherra. **11**

**SPORT** Stelpurnar geta komist á EM í þriðja sinn í kvöld. **12**

**TÍMAMÓT** Línudans og stígvélakast eru meðal keppnisgreina á landsmóti fimmtíu ára og eldri í Ísafjarðarbæ. **13**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● **FÓLK** ● **BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Að mestu hæg austlæg átt í dag, en strekkingur allra syðst. Skýjað austanlands, líkur á dálítilli vætu og kólnar í veðri, en um landið vestanvert eru meiri líkur á sól og útlit fyrir stöku síðdegisskúrir. Hiti breytist lítið.

**SJÁ SÍÐU 16**



**Íbúum fjölgar í Þorlákshöfn sem sést vel á lengri biðlistum á leikskólann.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ánægjuleg íbúafjölgun

**ÞORLÁKSHÖFN** Biðlistar eru byrjaðir að myndast á leikskólanum Bergheimum í Þorlákshöfn í fyrsta sinn í tíu ár. Fjölgun hefur orðið á íbúum í bæjarfélaginu.

„Við sjáum fyrir okkur að það geti orðið biðlistar í haust og erum á fullu að leysa úr því á öllum vígstöðvum,“ segir Ásgerður Eiríksdóttir leikskólastjóri. Hún segir upplifunina vera þá að fólk sé að flytja aftur í bæinn eftir námslok eða að skila sér heim frá útlöndum, jafnvel fólk sem ekki hefur búið áður í bænum. „Þetta er ótrúlega gleðilegt og við fögnum fjölguninni,“ segir Ásgerður.

Guðni Helgi Pétursson, bæjarritari Ölfuss, segir fjölgunina frábæra fyrir bæjarfélagið. „Það er að fjölga hjá okkur, og í raun almennt á Suðurlandi,“ segir Guðni og bætir við að hagstætt húsnæðisverð sé hluti af ástæðunni. **– þv**

> **Þetta er ótrúlega gleðilegt og við fögnum fjölguninni.**
>
> Ásgerður Eiríksdóttir, leikskólastjóri á Bergheimum

# Svindlað á stæðunum



**Ökumenn þessara bíla komust hjá nýju greiðslukerfi á bílastæðunum við Þingvelli í gær með því að leggja fjarri stöðuvörðum og gjaldskyldu. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir að þrátt fyrir að hundrað stæðum hafi verið bætt við á Þingvöllum anni þau ekki eftirspurn yfir mesta háannatímann. Ekki sé reynt að eltast við þá ökumenn sem leggi fjarri opinberum bílastæðum svæðisins og greiði ekki fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Konan sem lést í göngunum á sjötugsaldri

**SLYS** Konan sem lést í árekstri tveggja bíla í Hvalfjarðargöngunum á mánudag hét Ingrún Ingólfsdóttir. Ingrún var 67 ára gömul og lætur eftir sig eiginmann og þrjú uppkomin börn.

Tveir bílar, jeppi á leið til suðurs og fólksbíll á leið til norðurs, skullu saman rétt fyrir klukkan tvö á mánudag við suðurenda ganganna. Rannsókn hefur leitt í ljós að jeppinn var á röngum vegarhelmingi þegar slysið varð. Ingrún var farþegi í fólksbílnum.

Fjórir voru fluttir á gjörgæsludeild Landspítalans í kjölfar slyssins en þrír hafa verið fluttir á aðrar deildir nú þegar.

Allir farþegar og ökumenn bílanna voru á sjötugs- og áttræðisaldri. **– snæ**






# Kampavínsklúbbur opnaður í miðbænum

**Kampavínsklúbburinn Crystal hefur opnað í miðbænum. Tvo slíka staði er nú að finna á höfuðborgarsvæðinu. Eigandinn segir að boðið sé upp á kampavín í skiptum fyrir spjall við stúlkur. Hann segir starfsemina innan lagalegra marka.**

**SAMFÉLAG** Kampavínsklúbburinn Crystal var opnaður á Tryggvagötu í Reykjavík síðastliðinn laugardag. Fyrir er einn slíkur klúbbur á höfuðborgarsvæðinu, Shooters við Austurstræti.

„Þetta er bara klassískur kampavínsklúbbur. Þú getur keypt flott vín og fengið að ræða við stúlkurnar sem vinna á staðnum,“ segir Haraldur Jóhann Þórðarson, eigandi Crystal sem áður var starfræktur í Ármúla.

Haraldur segir ekkert óeðlilegt við starfsemina og að hún sé öll innan lagalegra marka.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru forsvarsmenn fyrirtækja í nágrenni staðarins ekki ánægðir með nýja staðinn.

Staðurinn er bólstraður með svörtu gervileðri og í loftinu hanga kristalsljósakrónur. Þá herma heimildir Fréttablaðsins að inni á staðnum séu klefar sem hægt sé að draga fyrir.

„Það er ekkert slíkt í gangi. Þarna er bara sötrað kampavín og dansa bæði gestir og starfsmenn eins og gengur og gerist á skemmtistöðum,“ segir Haraldur og bætir við að reksturinn hafi gengið ágætlega.

Starfsemi sem þessi hefur verið umdeild og þarf að sækja um leyfi hjá borginni sérstaklega fyrir svokallaðan listdansstað. Þetta segir Snorri Birgisson lögreglufulltrúi.

„Það er Reykjavíkurborg sem gefur út leyfi. Um leið og þau eru listdans að eiga sér stað án leyfis þá er það ólöglegt og lögreglan getur gripið inn í,“ segir Snorri.

Hann bætir við að lögreglan hafi mjög takmarkaðar heimildir til að banna slíka starfsemi í dag. „Um leið og þau eru komnar súlur og konur að dansa þá þarf að skoða hvort þarna sé eitthvað ólöglegt í gangi. Við skoðum hvort þarna séu einstaklingar að veita meiri þjónustu en að drekka vín með viðskiptavinum.“

Snorri segir að lögreglan skoði slíka staði með tilliti til vændis.

Sóley Tómasdóttir, formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, segir að ef þarna sé verið að gera út á nekt starfsfólks þá varði það við lög og að það sé lögreglunnar að bregðast við því.

„Við getum lítið annað gert en að árétta stefnu borgarinnar og afstöðu okkar til reksturs svona klúbba. Það er svo lögreglunnar að bregðast við.“ **nadine@frettabladid.is**




**Staðurinn er bólstraður með svörtu gervileðri og herma heimildir Fréttablaðsins að inni séu klefar sem hægt sé að draga fyrir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þarna er bara sötrað kampavín og dansa bæði gestir og starfsmenn eins og gengur og gerist á skemmtistöðum.**
>
> Haraldur Jóhann Þórðarson, eigandi Crystal

> **Um leið og það eru komnar súlur og konur að dansa þá þarf að skoða hvort þarna sé eitthvað ólöglegt í gangi.**
>
> Snorri Birgisson, lögreglufulltrúi


www.volkswagen.is
Þetta er meira en bara bíll.
Þetta er augnablik sem varir að eilífu.
Volkswagen

# Notendum fjárhagsaðstoðar borgarinnar fækkar

**VELFERÐARMÁL** Nærri fjórðungi færri nýttu sér fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar á fyrsta ársfjórðungi 2016 en á sama tíma árið 2015. Samtals fækkaði þeim sem nýttu sér aðstoðina úr 1924 í 1.469 manns. Í tilkynningu frá borginni sagði að heildarútgjöld Reykjavíkurborgar hafi lækkað um ríflega 20 prósent vegna fækkunarinnar. Hið rétta er að útgjöld borgarinnar vegna fjárhagsaðstoðar lækkuðu sem nemur ofangreindri prósentutölu.

Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, segir að árangurinn sé tilkominn vegna átaks borgarinnar. „Það er að skila sér árangur af einstaklingsmiðaðri nálgun. Þetta er tvíþætt, þeim sem leita aðstoðar er vísað fyrr til Vinnumálastofnunar en svo er nú að skila sér árangur í hópi langtíma notenda.“

Samkvæmt skýrslu um fjárhagsaðstoð borgarinnar nýta 15 prósent sér fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur. Í Breiðholti búa hlutfallslega flestar fjölskyldur með fjárhagsaðstoð. Þar á eftir koma hverfi miðborgar og Hlíða.

Athygli vekur að árið 2015 voru meira en 2,5 sinnum fleiri með fjárhagsaðstoð í Breiðholti en í Vesturbæ. Hæsta menntunarstig borgarinnar er í Vesturbæ þar sem 24 prósent eru með grunnskólapróf eða minni menntun. 43 prósent íbúa í Vesturbæ eru með háskólapróf á móti 19 prósentum í Breiðholti.



**Ilmur Kristjánsdóttir er formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Hún segir að nú sé borgin að sjá árangur af miklu starfi með notendum fjárhagsaðstoðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**2,5** sinnum fleiri nýta sér fjárhagsaðstoð í Breiðholti en í Vesturbæ

„Það er átak að koma fólki út á vinnumarkað. Öll úrræðin sem eru í boði, Grettistak og kvenna- og karlasmiðja, og það að hlúa að fólki er að skila sér,“ segir Ilmur.

Bætt atvinnuástand skili sér líka í færri notendum fjárhagsaðstoðar. „Núna erum við að byrja að uppskera árangur af því að það er búið að vera í gangi náin vinna með fólki. Fólk er að skila sér heilla út í atvinnulífið og helst þar. Þannig að við erum að fækka langtímanotendum.“ – **snæ**

# Heill mánuður af góðgerðarstarfsemi

**Ramadan, helgasti mánuður múslima, er hafinn. Ímam Menningarseturs múslima á Íslandi segir auðveldara að fasta á Íslandi en í Mið-Austurlöndum vegna veðurfarsins. Formaður Félags múslima á Íslandi segir þetta fallegasta mánuð ársins fullan af góðgerðarstarfsemi.**

**SAMFÉLAG** Ramadan, helgasti mánuður múslima, hófst í fyrrinótt.

„Í ramadan föstum við í heilan mánuð. Fastan hefst stuttu fyrir sólarupprás og lýkur við sólsetur. Við neytum hvorki matar né drykkjar,“ segir Ahmad Seddeq, ímam Menningarseturs múslima á Íslandi.

Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, hins trúfélags múslima, segir sinn söfnuð fasta frá sólarupprás og til níu að kvöldi.

Þó séu sumir innan safnaðarins sem fasti allan daginn. „Við í Félagi múslima kjósum að gera þetta svona því þetta er svo erfitt fyrir fólk,“ segir Salmann.

Salmann segir fleira felast í föstunni. „Þetta snýst ekki bara um að hætta að borða og drekka heldur á maður að hætta öllu ljóta helvítinu sem maður gerir í sínu daglega lífi. Svo á maður að biðja og vera góður við fólk. Þennan mánuð gefum við fátækum ölmusu. Þetta er heill mánuður af góðgerðarstarfsemi,“ segir Salmann.

Föstuna segir Salmann vera tilskipun frá guði til að minnast þeirra sem eiga ekki jafn mikið og við og til að læra að stjórna sjálfum sér. „Þetta er fallegasti mánuður ársins í íslamska heiminum. Það eru allir svo glaðir. Maður finnur til samkenndar með fólki sem á ekki neitt,“ segir Salmann.

Þá segir Ahmad föstu ramadanmánaðarins ekki auðvelda. „Fastan hefur hins vegar ýmsa kosti. Maður lærir að hafa hemil á löngunum sínum. Fólk elskar mat og drykk, ekki bara til að fá næringu heldur af því það er gott að borða og drekka. Fastan getur kennt manni að venja sig af ósiðum ef maður er viljasterkur,“ segir Ahmad.

Engin borg í heimi býr við lengri föstu en Reykjavík, 21,5 klukkutíma á sólarhring. Þrátt fyrir lengd föstunnar segir Ahmad hana ekki erfiða.

„Á Íslandi er gott veður þannig að fastan er ekki svo erfið. Í Mið-Austurlöndum, þar sem er hlýrra, er hún erfiðari. Í fjórtutíu stiga hita ertu orðinn þyrstur eftir tveggja tíma föstu. Á Íslandi geturðu fastað í tuttugu tíma án þess að verða þyrstur,“ segir Ahmad Seddeq.
**thorgnyr@frettabladid.is**



**Karlmaður gluggar í Kóraninn í mosku Félags múslima við Ármúla í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Reglur föstunnar**

- Fasta hefst við sólarupprás
- Föstu lýkur við sólsetur
- Ekkert má borða þess á milli
- Ekkert má drekka heldur (ekki einu sinni vatn)
- Engar samfarir
- Aldraðir, veikir, óléttar konur o.fl. fá undanþágu

**Þetta er fallegasti mánuður ársins í íslamska heiminum.**

Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi



**Á Íslandi er gott veður þannig fastan er ekki svo erfið. Í Mið-Austurlöndum, þar sem er hlýrra, er hún erfiðari.**

Ahmad Seddeq, ímam Menningarseturs múslima á Íslandi






# Sakhæfur þrátt fyrir mikla skerðingu

**DÓMSMÁL** Niðurstaða úr geð- og sálfræðimati sálfræðinga og geðlæknis, sem gert var á Hollendingnum Angelo Uyleman, er sú að hann sé sakhæfur þrátt fyrir að vera verulega greindarskertur. Angelo er ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot.

Þá kemur fram að hann sé með slakan þroska, einkum á tilteknum sviðum, sem gerir það að verkum að hann sé ekki jafn fær og aðrir í að meðtaka, vinna úr og draga rökréttar ályktanir.

Angelo sat í einangrun á Litla-Hrauni í átta vikur en sú vist var harðlega gagnrýnd vegna andlegrar fötlunar hans. Þá hafði fjölskylda hans ekki verið látin vita af handtökunni fyrst um sinn og lét móðir hans því lýsa eftir honum á netinu.

Angelo hefur verið í farbanni og dvalið á gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur í tæpa sex mánuði. Fyrirtaka í málinu var í gær en ekki er búið að festa tíma á aðalmeðferð málsins. – **ngy**



**Tveir sálfræðingar og geðlæknir gerðu mat á Angelo. Niðurstaðan er að hann sé verulega greindarskertur en þó sakhæfur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


BMW EFFICIENTDYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.
BMW X5 PHEV
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW
NÝR OG SPARNEYTINN
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 10.790.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sínum stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM74927

## Sjóherinn bannar áfengi

**JAPAN** Bandaríski sjóherinn hefur bannað áfengisneyslu sjóliða sem staðsettir eru í Japan. Bannið gildir bæði innan sem utan herstöðvanna. Einnig hefur verið lagt bann við því að sjóliðarnir ferðist út fyrir herstöðvar sínar nema nauðsyn krefji.

Á síðustu mánuðum hafa komið upp atvik tengd áfengisneyslu sjóliðanna sem sögð eru hafa slæm áhrif á samskipti þjóðanna tveggja. Til að mynda var bandarískur sjóliði handtekinn um helgina, grunaður um ölvunarakstur eftir að hafa ekið á röngum vegarhelmingi og sært tvo vegfarendur.

Um nítján þúsund sjóliðar eru staðsettir á herstöðvum Bandaríkjamanna í Japan. **– þv**

## Gengi pundsins sveiflast eftir könnunum

**BRETLAND** Gengi sterlingspundsins lækkaði í gær gagnvart evru og bandaríkjadollar þegar birtar voru niðurstöður nokkurra skoðanakannana þar sem fram kemur að aukinn hluti Breta væri hlynntur útgöngu úr Evrópusambandinu.

Kannanir sýna að um 45% kjósenda vilja ganga úr ESB og 43% vilja vera áfram í því, þá eru 12% kjósenda óákveðin.

Sérfræðingar telja að gengi pundsins muni hrynja snögglega kjósi Bretland að yfirgefa sambandið. Samkvæmt breska HSBC-bankanum yrði fall pundsins 20%. **– þv**

## Fagnað í Svíþjóð



**Þjóðhátíðardegi Svía var fagnað í Stokkhólmi í gær. Viktoría krónprinsessa og Daníel prins keyrðu um borgina í hestvagni ásamt dóttur sinni, Estellu prinsessu. Viktoría og Estella eru klæddar í sænska þjóðbúninginn en Daníel prins lét sér nægja að mæta í jakkafötum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fluttu nærri hálfa milljón

**SAMGÖNGUR** Íslensku flugfélögin WOW air og Icelandair fluttu samtals um 426.000 farþega í síðasta mánuði. Þar af flutti Icelandair 320.000 farþega, 20 prósent fleiri en á sama tíma í fyrra, og WOW air 106.000, 115 prósent fleiri en á sama tíma í fyrra.

Sætanýting hjá WOW air í mánuðinum var 85 prósent í ár en 81 prósent í fyrra. Þá var sætanýting Icelandair 77,5 prósent í maí í ár en 79,7 prósent í fyrra. Þá jókst markaðshlutdeild WOW air milli ára. Í fyrra flugu þrettán prósent farþega í maí með WOW air en tuttugu prósent í ár. **– þea**



**115%** fleiri farþega flutti WOW air í síðasta mánuði en á sama tíma í fyrra.


# Rannsóknasjóður
Umsóknarfrestur **1. september**

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2017. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, 1. september 2016.**

Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel reglur Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2017 áður en hafist er handa við gerð umsóknar.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar og aðgang að rafrænu umsóknarkerfi má nálgast á **www.rannis.is**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Bernie Sanders berst áfram fyrir útnefningu

**Forkosningaslagnum í Bandaríkjunum er næstum lokið. Síðasti stóri kosningadagurinn er í dag. Sanders á varla neinn raunhæfan möguleika á sigri, en lætur það ekki á sig fá. Clinton er farin að beina spjótum sínum meira að Trump.**

**BANDARÍKIN** Þrátt fyrir að Bernie Sanders eigi varla neinn möguleika lengur á sigri í forkosningum Demókrataflokksins, þá ætlar hann að berjast ótrauður áfram.

„Það er afar ólíklegt að Clinton fái tilskilinn fjölda skuldbundinna fulltrúa til að geta lýst yfir sigri á þriðjudagskvöld,“ sagði hann á blaðamannafundi á laugardag.

Hann heldur fast í þann möguleika að ofurfulltrúunum svonefndu, sem ganga óbundnir til kosninga á landsþingi flokksins í júlí, snúist hugur þótt flestir þeirra hafi lýst yfir stuðningi við Clinton.

„Við þurfum alvöru breytingar í þessu landi,“ sagði hann um helgina.

Í dag verða forkosningar í sex ríkjum Bandaríkjanna, þar á meðal í síðasta stóra ríkinu, Kaliforníu, þar sem kosið verður um 546 landsþingsfulltrúa. Forkosningunum lýkur svo á þriðjudaginn eftir viku, þegar íbúar höfuðborgarinnar Washington greiða atkvæði.

Til að tryggja sér meirihluta þarf Clinton að fá rúmlega tvo af hverjum þremur þeirra landsþingsfulltrúa, sem enn eru í boði. Samkvæmt skoðanakönnunum er mjótt á mununum, þannig að vel er hugsanlegt að Clinton þurfi að treysta á ofurfulltrúana.

Töluvert þarf samt til að þeim snúist hugur, enda koma þeir úr helsta valdakjarna flokksins sem upp til hópa hafa verið eindregnir stuðningsmenn hennar í þessari kosningabaráttu.

Clinton er farin að beina spjótum sínum meira að Donald Trump, sem þykir nánast öruggur með að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins. Á kosningafundi í Kaliforníu á laugardaginn sagði hún Trump hreinlega hættulegan rugludall, fullan af fordómum, sem reyni að afvegaleiða almenning.

**gudsteinn@frettabladid.is**




**Bernie Sanders lætur það ekki stöðva sig að Hillary Clinton sé nánast örugg með útnefningu.** NORDICPHOTOS/AFP

» **Forkosningum lýkur á þriðjudag eftir viku þegar kosið verður í Washington.**

**Við þurfum alvöru breytingar í þessu landi.**

Bernie Sanders, frambjóðandi í forvali demókrata.

### Staðan í dag

Til sigurs þarf **2.383** atkvæði frá fulltrúum á landsþingi Demókrataflokksins í lok júlí.

**Clinton** er komin með **1.809** fulltrúa, og vantar því enn **574** til sigurs.
**Sanders** er kominn með **1.520** fulltrúa, og vantar því enn **863** til sigurs.

Enn á eftir að kjósa um 851 fulltrúa. Þar af verða 806 kosnir í dag, en á þriðjudaginn í næstu viku verða síðustu forkosningarnar haldnar í höfuðborginni Washington, þar sem kosnir verða 45 landsþingsfulltrúar.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-1848

# Litríkara samfélag

Í 24 ár hefur Samfélagssjóður Valitor veitt styrki til valinna verkefna sem bæta og efla mannlífið. Alls hafa **182 styrkir** verið veittir frá upphafi. Nú hlutu **9 verkefni** styrki að heildarupphæð **8 milljónir króna.**

## // Tónlist

### RAGNAR JÓNSSON

Til að stunda bakkalárnám í sellóleik við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.

### HELGA K. GUÐMUNDSDÓTTIR

Til að stunda meistaranám í harmonikuleik við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.

### HERDÍS STEFÁNSDÓTTIR

Til að stunda meistaranám í kvikmyndatónsmíðum við New York University.

### KAMMERMÚSÍKKLÚBBURINN

Til tónleikahalds í tilefni af 60 ára afmæli klúbbsins.

## // Ritlist

### FUGLAVERNDARFÉLAG ÍSLANDS

Til gefa út fuglaskoðunarrit handa grunnskólanemum. Hver grunnskóli á Íslandi fær 25-30 eintök.

## // Mannúðar- og líknarmál

### VÖKUDEILD LANDSPÍTALANS

Til kaupa á hugbúnaði sem samhæfir næringarblöndur við blóðprufur og einnig til kaupa á húsgögnum í foreldra-herbergin til að bæta aðbúnað foreldra og nýbura.

### HOLLVINASAMTÖK SÓLVANGS

Til kaupa á tækjabúnaði til heilsuverndar fyrir heimilisfólk hjúkrunarheimilisins Sólvangs í Hafnarfirði.

### GEÐHJÁLP

Til að framleiða myndband vegna forvarnarverkefnisins ,,Útmeð'a" sem hvetur ungt fólk til að tjá sig um andlega líðan til að draga úr hættu á sjálfsskaða og sjálfsvígum.

## // Íþróttir og útivist

### SKÁKFÉLAGIÐ HRÓKURINN

Til að færa 3. bekkingum allra grunnskóla á Íslandi bókina ,,Skák og mát" eftir Anatoly Karpov, til að hvetja íslensk börn til að stunda skákíþróttina.

VIÐ ÓSKUM STYRKÞEGUM ÖLLUM
**INNILEGA TIL HAMINGJU**

VALITOR

Nánari upplýsingar um Samfélagssjóð Valitor má finna á **valitor.is/um-valitor/samfelagssjodur**

## Þingmaður fær morðhótanir

**ÞÝSKALAND** Cem Özdemir, þingmaður Græningja í Þýskalandi, hefur fengið morðhótanir í tölvupósti sem og á samfélagsmiðlunum Twitter og Facebook vegna stuðnings síns við þá ákvörðun þýska þingsins að lýsa því yfir að Tyrkir hafi framið þjóðarmorð á Armenum árið 1915. Özdemir er af tyrkneskum ættum.

Tyrkir hafa kallað sendiherra sinn til baka frá Þýskalandi í mótmælaskyni. Ríkisstjórn landsins hefur viðurkennt að fjölmargir Armenar hafi verið myrtir á yfirráðasvæði Tyrkjaveldis í fyrri heimsstyrjöld en þvertaka fyrir að það hafi verið þjóðarmorð.

Özdemir sendi Tyrkjum hins vegar tóninn í gær. „Ákvarðanir þýska þingsins eru ekki háðar geðþótta neinna einræðisherra,“ sagði hann. **– þea**



Gianni Infantino, forseti FIFA. NORDICPHOTOS/AFP

## Kvartar yfir nornaveiðum

**ÍÞRÓTTIR** Gianni Infantino, forseti Alþjóðaknattspyrnusambandsins (FIFA), sagðist í gær sæta nornaveiðum í viðtali við svissneska fréttamiðilinn Le Matin.

Infantino sagði að Domenico Scala, sem fór fyrir nefnd um endurskipulagningu FIFA eftir að upp komst um umfangsmikla spillingu, hagaði sér eins og leikskólabarn. Scala hætti í nefndinni í síðasta mánuði eftir að Infantino tók sér og samstarfsmönnum sínum í Alþjóðaknattspyrnuráðinu, innsta hring FIFA, það vald að geta skipað og rekið menn úr nefndum FIFA.

„Þetta er barnaleg hegðun sem á heima á leikskóla. Hann reynir að gera mig hluta af einhverjum nornaveiðum á hendur mér,“ sagði Infantino. Scala sagði Infantino grafa undan afrekum FIFA í uppsagnarbréfi sínu. Infantino svaraði honum hins vegar fullum hálsi í viðtalinu og sagði að ummæli Scala væru „algjör tilbúningur“. **– þea**



Kristinn Sigmundsson stórsöngvari hampar glæsilegum stórlaxi við opnun Norðurár ásamt Einari Sigfússyni – svipur þeirra er táknrænn fyrir upphaf veiðisumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

# Norðurá og Blanda bláar af laxi

**Laxveiðisumarið byrjar með metveiði í Norðurá og Blöndu. Opnunarhollið í Norðurá endaði í 77 löxum en fyrra met var 58 laxar. Megnið stórlax en smálax í bland. Fimmtíu laxar veiddust á fyrsta degi í Blöndu.**

**NÁTTÚRA** Það er engum blöðum um það að fletta að laxveiðisumarið hefur aldrei hafist með öðrum eins hvelli og í ár. Besta opnun sögunnar í Norðurá er staðreynd og í Blöndu hefur veiðin verið svo ævintýraleg fyrstu dagana að setja má við það stórt spurningamerki hvort annað eins verði yfirhöfuð endurtekið.

Norðurá var opnuð fyrst íslensku laxveiðiánna á laugardag og það tók ekki nema nokkrar mínútur fyrir viðstadda að átta sig á því að stórlax var genginn í ána sem aldrei fyrr svo snemma árs. Á þeim stutta tíma sem Fréttablaðið staldraði við á bakkanum var ellefu stórlöxum landað – og voru þeir allir afar vel haldnir sem bendir til þess að aðstæður í sjó séu góðar um þessar mundir fyrir laxinn.

Fréttablaðið hafði samband við Einar Sigfússon, sölustjóra Norðurár, í hádeginu í gær þegar opnunarhollið hafði lokið veiðum. „Lokatölur úr opnunarhollinu eru 77 laxar – að stofni til eru þetta stórlaxar á bilinu 80 til 95 sentímetrar en nokkrir smálaxar líka inn á milli sem gefur góð fyrirheit um framhaldið,“ segir Einar og vísar til þess að það séu feykilega góðar fréttir fyrir komandi veiðisumar að smálax skuli þegar farinn að veiðast.

Svo bregður nú við að lax veiddist ekki aðeins á svæðinu fyrir neðan Laxfoss, heldur líka á nokkrum stöðum „á milli fossa“, sem er sannarlega ekki alvanalegt og líka fyrir ofan fossinn Glanna, sem má kalla athyglisvert í meira lagi. „Það er kominn lax upp alla á, eins og um hásumar væri,“ segir Einar alsæll með bestu opnun Norðurár sem menn þekkja til, en Bjarni Júlíusson, fyrrverandi formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, sem þekkir Norðurá eins og lófann á sér, sagði á Facebook-síðu sinni í gær að bestu opnanir í Norðurá sem hann þekkti til, væru árin 1977 og 1994, alls 58 laxar hvort árið. Þá var veitt í tvo og hálfan dag í opnuninni, eins og nú.

Hafi opnun Norðurár vakið von í brjósti íslenskra stangveiðiáhugamanna þá draga tölurnar úr Blöndu ekki úr. Eftir fyrsta daginn var 51 lax kominn á land á fjórar stangir – sem er með hreinum ólíkindum. Eftir þriðju vaktina í gær hafði 21 bæst við og heildartalan því 72, eins og Árni Baldursson, eigandi Lax-Ár og leigutaki Blöndu, greindi frá á samfélagsmiðlum í gær.

**svavar@frettabladid.is**

**51**

**lax kom á land fyrsta veiðidaginn í Blöndu – á 4 stangir**

**77**

**laxa veiddi opnunarholl Norðurár – fyrra met var 58 laxar**

# Fjögur hvalaskoðunarfyrirtæki fá alþjóðlega umhverfisvottun

**UMHVERFISMÁL** Landvernd hefur veitt fjórum hvalaskoðunarfyrirtækjum bláfánavottun fyrir sjálfbæra sjávarferðamennsku. Þetta er í fyrsta skipti sem Bláfáninn er veittur hvalaskoðunarfyrirtækjum í heiminum. Viðurkenninguna hlutu Ambassador á Akureyri og Elding, Special Tours og Whale Safari í Reykjavík.

Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisvottun sem veitt er fyrirtækjum og sveitarfélögum fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum, og frá árinu 2016 einnig fyrirtækjum í sjávartengdri ferðaþjónustu, segir í tilkynningu Landverndar.

Meginmarkmið verkefnisins er að vernda haf- og strandsvæði, draga úr umhverfisáhrifum með kerfisbundnum hætti, bæta öryggi og efla umhverfisvitund. Þessu er náð með bættri umhverfisstjórnun, góðum slysavörnum, eftirliti með vatnsgæðum og öflugri fræðslu og upplýsingagjöf.

Landvernd innleiddi Bláfánann hér á landi árið 2002 en verkefnið hefur verið rekið á alþjóðavísu frá árinu 1985 af alþjóðlegu umhverfismenntasamtökunum Foundation for Environmental Education (FEE), sem Landvernd er aðili að. Landvernd kom af stað þróun bláfánaviðurkenningarinnar fyrir hvalaskoðunarfyrirtæki með alls 16 báta, sex smábátahafnir og þrjár baðstrendur. Hvalaskoðunarfyrirtækjunum var afhentur Bláfáninn við veglega athöfn sem fór fram í kjölfar viðburðar á vegum Whales and Dolphin Conservation í Hvalasýningarsafninu á Granda í tilefni af 25 ára afmæli hvalaskoðunar á Íslandi.

**– shá**



Fleiri ferðamenn fara í hvalaskoðunarferðir í ár en byggja þetta land, segja spár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**» Landvernd innleiddi Bláfánann árið 2002 en verkefnið hefur verið rekið á alþjóðavísu frá árinu 1985 af alþjóðlegu umhverfismenntasamtökunum Foundation for Environmental Education (FEE).**

„Það þarf ekki að ræða það mikið, auðvitað snýst þetta um að sigra.“

ÍSLAND Á EM

Velkomin á EM. Við erum stolt af stuðningi okkar við KSÍ og íslensku knattspyrnulandsliðin. Árangur íslenska karlalandsliðsins sýnir að það er fátt ómögulegt og við óskum strákunum góðs gengis á mótinu. Áfram Ísland!
landsbankinn.is/em2016



**Lars Lagerbäck**
*landsliðsþjálfari*

# Arfleifðin



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Við viljum frelsi, frelsi fyrir litlar einingar. Við viljum ábyrgð, ábyrgð fyrir einstaklinga og samtök þeirra. Við viljum að samningsgerð sé frjáls og við viljum að maðurinn sé frjáls.“ Svo mælti Vilmundur Gylfason í þingræðu um vantraust á þáverandi ríkisstjórn 23. nóvember 1982.

Ræða Vilmundar í umrætt sinn er listaverk óháð því hvort þeir sem á hlýða eða lesa eru fylgismenn þeirrar hugmyndafræði sem Vilmundur boðaði í stjórnmálum. Í ræðunni, sem er aðgengileg í heild sinni á YouTube og á vef Alþingis, sameinast orðsnilld, rökfesta og mælskulist. Þarna birtist líka pólitísk ástríða sem sést sjaldan í stjórnmálum nútímans á Íslandi. Mælskulistin í ræðunni er slík að í henni felst afþreying sem er á pari við það besta sem er á boðstólum í nútímanum.

Sá boðskapur sem fluttur var í ræðunni speglast ekki eingöngu í sósíaldemókratískum gildum, sem Vilmundur stóð fyrir, heldur einnig í frelsi, sem allir lýðræðissinnar styðja. Sérhagsmunagæsla gamla flokkakerfisins var meinsemd samfélagsins alls og vandamál sem Vilmundur barðist gegn. Sérhagsmunagæsla, varðstaða um hagsmuni fárra á kostnað allra, er enn mikið vandamál í samfélagi okkar 34 árum síðar. Á sviði sjávarútvegs birtist sérhagsmunagæslan í því að endurgjald til ríkisins fyrir nýtingu auðlindar innan 200 mílna efnahagslögsögu endurspeglar engan veginn verðmæti auðlindarinnar. Í landbúnaði birtist sérhagsmunagæslan í því að brotinn er réttur á neytendum með tollvernd og takmörkunum á innflutningi búvara. Óhagkvæmu landbúnaðarkerfi er viðhaldið á kostnað skattgreiðenda því sporin hræða þegar breytingar á kerfinu eru annars vegar. Flokkarnir þora ekki að breyta kerfinu neytendum til hagsbóta. Neytendur geta sjálfum sér um kennt að einhverju leyti. Þeir hafa ekki verið nógu áhugasamir um eigin réttindi til að verja þau. Í því liggur sjálfsábyrgð þeirra.

„Við viljum að samningsgerð sé frjáls og við viljum að maðurinn sé frjáls,“ sagði Vilmundur Gylfason í ræðunni sem vitnað var til framar. Hið sanna frelsi birtist í samfélagi hinna jöfnu tækifæra. Þetta skildi Vilmundur betur en flestir. Samfélag þar sem ríkið skerðir frelsi borgaranna óhóflega er ekki eftirsóknarvert. Samfélag þar sem fáar fyrirtækjasamsteypur skerða frelsi borgaranna er ekki eftirsóknarvert heldur. Samfélag hinna jöfnu tækifæra er samfélag sem tryggir meðalhóf ríkisins og meðalhóf einkaframtaksins. Það stendur vörð um jafnvægi almannahagsmuna og auðræðis.

Þungir undirstraumar samfélagsins, „hin hljóðláta og ábyrga uppreisn gegn því sjálfu“ birtist í minna trausti til hefðbundinna stjórnmálaflokka. Þetta endurspeglar mikinn stuðning við ný umbótaöfl eins og Pírata. Forystumenn gömlu flokkanna þurfa að líta í eigin barm og kanna hvort ekki sé þörf fyrir hugmyndafræðilega endurnýjun þar sem hagsmunir almennings eru settir í forgang en ekki sérhagsmunir fárra.

**Hið sanna frelsi birtist í samfélagi hinna jöfnu tækifæra.**

## Halldór





FRÉTTABLAÐIÐ

# 59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...


## Frá degi til dags

**Fylgið sest**
Könnun Fréttablaðsins á fylgi forsetaframbjóðenda í dag sýnir að fylgið hefur sest. Kannanir síðustu vikna hafa nærri verið samhljóða. Í kappræðum RÚV gaf Sturla Jónsson lítið fyrir kannanir helstu greiningarfyrirtækja og sagði fjölmiðla ekki vilja minnast á könnun Útvarps Sögu. „Þar er ég með 51,4 prósent“. Þegar ummælin voru látin falla var nýjasta könnun Sögu svohljóðandi að Sturla var með 30 %. Síðar spurði Útvarp Saga hvorn hlustendur hygðust kjósa, Davíð eða Guðna Th. Í þeirri könnun mælist Davíð með 53,99 %, Guðni með 23,6 % og aðrir, þar á meðal Sturla, með 22,34 %. Hvort er það merki um áreiðanleika könnunarinnar eða met í fylgishruni?

**Viðreisn á miðju**
Þorsteinn Pálsson, fyrrum forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins, skrifaði pistil í gær þar sem hann segir að næstu kosningar gætu markað breytingar á flokkakerfinu. Samfylking og VG á vinstri ásnum, Sjálfstæðisflokkur og Framsókn hægra megin en á miðjunni séu Píratar, Björt Framtíð og Viðreisn. Þorsteinn hefur lengi verið orðaður við þátttöku í Viðreisn en það sætir tíðindum ef fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins mun taka þátt í flokki sem hann sjálfur skilgreinir sem miðjuflokk. Kannski þetta þýði að Þorsteinn sé ekki Viðreisnarvon eftir allt saman. snaeros@

# Séreign frekar en sérskuld



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Allt þetta kjörtímabil hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að hjálpa heimilum að skulda minna. Í upphafi kjörtímabilsins var farið í skuldaleiðréttingu hjá heimilunum. Mikilvægur þáttur hennar var séreignarsparnaðarleiðin. Með henni var heimilum gert kleift að nýta séreignarsparnað til að niðurgreiða húsnæðislán sín umfram höfuðstólslækkunina, eða spara fyrir útborgun í íbúð eða búseturétti.

Árangurinn er mikill. Í fjármálastöðugleikariti Seðlabankans segir að fara þurfi aftur til 1999 til að finna jafn lágt skuldahlutfall heimilanna og um síðustu áramót. Skuldir heimilanna höfðu lækkað um 70 milljarða á árunum 2014 og 2015, bæði vegna beinnar niðurfærslu og vegna heimildar til nýtingar séreignarsparnaðar. Því til viðbótar má áætla að 22-24 milljarðar hafi komið inn á húsnæðislánin vegna þeirrar fjárhæðar sem lögð var inn í byrjun árs til að lækka höfuðstól og vegna heimildar til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lánin.

Í nýrri könnun um stöðu leigjenda og eigenda á húsnæðismarkaði kom fram að stór hluti heimila safnar fé í séreignarsjóði. Af leigjendum eru 52,8% að greiða í séreignarsparnað, þar af 61% þeirra sem eru á aldrinum 25-44 ára og af eigendum voru það 66,0%, þar af 83% þeirra sem eru á aldrinum 35-44 ára. Tæplega helmingur aðspurðra eigenda nýtti sér heimild til að ráðstafa séreignarsparnaðinum inn á húsnæðislánin sín, eða 47,9%. Af leigjendum höfðu 38,8% mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á því að nýta séreignarsparnað til að kaupa húsnæði.

Töluverð umræða hefur verið um framtíðarfyrirkomulag séreignarsparnaðar. Í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga var því lofað að hvetja til húsnæðissparnaðar, t.d. þannig að tímabundin heimild til að nýta séreignarsparnað sem eiginfjárframlag til kaupa á íbúðarhúsnæði yrði gerð varanleg. Það yrði til viðbótar við meiri stuðning við leigjendur, sem gefur þeim meira svigrúm til sparnaðar. Nýtt fyrirkomulag myndi einnig létta greiðslubyrðina við töku óverðtryggðra lána. Áfram verði heimilunum hjálpað að spara, leggja fyrir og borga niður skuldir.

**Nýtt fyrirkomulag myndi einnig létta greiðslubyrðina við töku óverðtryggðra lána.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




• Hugsanleg „línubyggð“ milli Keflavíkur og höfuðborgarsvæðisins

# Byggðaþróun á suðvesturhorninu



Gestur Ólafsson
arkitekt

**Þarna væri auðvelt að bjóða upp á hagkvæma íbúðarbyggð í góðum tengslum við samgöngur, útivistarsvæði og sjó.**

Fyrir tæpum 30 árum bentu ég og samstarfsmenn mínir á að hagkvæmast væri að þróa byggð á höfuðborgarsvæðinu út Reykjanes, í átt til Keflavíkur, ef horft væri til okkar sameiginlegu pyngju. Auðvitað ætti líka að skipuleggja þetta svæði í aðalatriðum í heild, til þess að tryggja að möguleikar þess fyrir almenna byggðaþróun væru ekki eyðilagðir. Sú hætta væri til staðar að þeir aðilar sem hefðu með hendi t.d. línu- og vegarlagnir hugsuðu bara um sína þröngu hagsmuni og eyðilegðu þannig að verulegu leyti þá stórkostlegu möguleika sem þetta svæði hefur til að bera. Þarna væri auðvelt að bjóða upp á hagkvæma íbúðarbyggð í góðum tengslum við samgöngur, útivistarsvæði og sjó og auk þess mætti flytja þangað fyrirtæki og geymslurými frá núverandi byggð á höfuðborgarsvæðinu, sem verið væri að þétta.

Ekki fékk þessi ábending þá mörg atkvæði, en full ástæða er samt til að rifja þetta upp í ljósi dagsins í dag og ekki síst ef einhver alvara er í því að byggja upp lestarsamgöngur á þessu svæði. Stjórnmálamenn ættu hugsanlega líka að hafa í huga að þrátt fyrir allt þá eru ákveðin öfl að verki á þessu svæði sem teygja byggð út Reykjanes og m.a. réðu því að IKEA flutti úr Reykjavík í Garðabæ, höfuðstöðvar Íslandsbanka eru fluttar í Kópavog og COSTCO vill vera í Garðabæ.

Við eigum þess auðvitað kost að auðvelda eða torvelda þessa þróun, en ef við viljum stuðla að betri nýtingu á takmörkuðu fjármagni, meiri skilvirkni í ákvarðanatöku og meiri framleiðni ættum við kannski að skoða þessi mál af meiri alvöru en hingað til.

# Atvinnufrelsi ökuleiðsögumanna er skert



Guðrún Helga Sigurðardóttir
blaðamaður og ökuleiðsögumaður




Regluverk um fólksflutninga á landi skerða atvinnufrelsi ökuleiðsögumanna. Í starfi sínu þurfa leiðsögumenn að fara með ferðamenn um hina ýmsu staði til að geta sinnt starfi sínu með eðlilegum hætti. Ökuleiðsögumönnum er hins vegar óheimilt að leiðsegja akandi í farartækjum fyrir færri en átta farþega nema í rútum, breyttum jeppum eða eðalvögnum. Í því felst vandinn.

Mjög óhagkvæmt er að leiðsegja litlum hópum í stórum rútum. Í tólf til átján farþega rútu tapast nándin sem ferðamenn sækjast eftir þegar þeir ráða akandi einkaleiðsögumann. Breyttir jeppar eru óþarfir á helstu vegum landsins. Mörgum ferðamönnum þykir auk þess erfitt og hvimleitt að þurfa að klifra upp í breytta jeppa. Almennt séð er engin ástæða til að keyra með ferðamenn á fjallatrukkum og jöklajeppum nema farið sé um fjallvegi, yfir ár eða jökla. Eðalvagnar eru lúxusbílar, væntanlega limósínur og svipuð farartæki. Þessi ökutæki henta ekki í ferðir út fyrir Reykjavík. Engin ástæða er heldur til að notast við eðalvagna þegar ferðamennirnir óska sjálfir eftir sparneytnum fólksbílum.

Stofnkostnaðurinn við eðalvagn er óþarflega dýr og getur reynst of stór biti. Þá vilja alls ekki allir ferðamenn ferðast í limósínum. Ferðamennirnir eru ekkert endilega að sækjast eftir lúxus, eðalvagnar höfða ekkert sérstaklega til þeirra. Þeir vilja bara fá að kynnast landi og þjóð í gegnum góðan leiðsögumann sem hjálpar þeim að heimsækja landið og leiðbeinir þeim um landslag, náttúru og sögu sem og þau mörk sem heimamenn hafa.

Loftslagsmálin hafa verið mikið til umræðu síðustu mánuði. Það er í takt við þróunina að nota sparneytna bíla. Venjulegir bílar, ekki síst rafmagnsbílar, hljóta að koma sterkar inn í ferðaþjónustuna. Ökuleiðsögumenn eiga að geta nýtt sér þessa bíla.

**Ósanngjarnt er að fagmenntaðir leiðsögumenn sem hafa bæði leigubílapróf og rútupróf megi ekki leiðsegja á allt að átta farþega bílum meðan ófagmenntaðir leigubílstjórar geta gert það í skjóli laga og reglna.**

### Fagmenntuðum mismunað

Leigubílastöðvar auglýsa leiðsögn á leigubílum um náttúruperlur landsins. Búast má við að einhverjir, kannski margir, leigubílstjórar sinni þessari leiðsögn án þess að hafa til þess fagmenntun. Ósanngjarnt er að fagmenntaðir leiðsögumenn sem hafa bæði leigubílapróf og rútupróf megi ekki leiðsegja á allt að átta farþega bílum meðan ófagmenntaðir leigubílstjórar geta gert það í skjóli laga og reglna. Hvaða réttlæti er í því?

Fagmenntaðir ökuleiðsögumenn hafa menntun til þess að sinna leiðsögn, þeir eru líka með meirapróf og hafa menntun til að sinna akstri um leið, þeir svokallað leigubílapróf (án þess að það eitt og sér nýtist þeim á nokkurn hátt faglega eða starfslega). Einnig eru þeir með próf á litlar og jafnvel stórar rútur. Þessi próf nýtast ekki vegna skerðandi ákvæða í lögum og reglugerðum. Fagmenntuðum ökuleiðsögumönnum er mismunað. Þeir búa ekki við sama atvinnufrelsi og aðrar stéttir. Þeir hafa ekki frelsi til að velja sér þau ökutæki sem þeim þykir best henta í sínu starfi eða rekstri. Þessu þarf að breyta.

Engin ástæða er til að skerða atvinnufrelsi ökuleiðsögumanna með þessum hætti. Engin ástæða er til að taka þá út úr og hefta frelsi þeirra umfram aðrar stéttir til að velja sér það atvinnutæki sem þeim þykir best henta til að geta stundað vinnu sína með eðlilegum hætti. Reglugerðarákvæðum þarf því að breyta strax og opna fyrir starfsfrelsi og starfsmöguleika ökuleiðsögumanna að fullu þannig að þeir geti valið það ökutæki sem þeim þykir henta. Þeir þurfa að geta leiðsagt litlum hópum í farartækjum fyrir átta farþega eða færri.

# Ég spyr þig, Illugi!



Ólafur Haukur Johnson
skólastjóri

Opið bréf til Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra.

Að fylgja stefnu Sjálfstæðisflokksins er sumum ráðherrum flokksins mikil áþján. Það er áhyggjuefni að slíkir einstaklingar hafi valist til forystu.

Oft heyrist sagt að þátttaka í stjórnmálum sé vandasöm. Það er rangt. Allir langlífir og farsælir stjórnmálamenn eiga eitt sameiginlegt. Þeir fylgja samviskusamlega stefnu- og hugsjónamálum flokksins.

Í grundvallarstefnu Sjálfstæðisflokksins segir m.a. að flokknum sé ætlað: „Að vinna ... að þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis ...“ og í landsfundarályktun 2015 segir m.a.: „Tryggja ber ... fjölbreytt rekstrarform skóla og tekið verði tillit til ólíkra þarfa nemenda.“ Stefnan er því skýr sem þér er ætlað að vinna eftir Illugi.

Í upphafi kjörtímabilsins, í september 2013, hitti ég þig á fundi. Þá fórst þú mörgum orðum um ódrengilega framkomu Katrínar Jakobsdóttur gagnvart skólanum. Þar hafi verið unnið gott starf og vinda yrði ofan af rangindum fyrri ríkisstjórnar. Síðan lofaðir þú að styðja það að gerður yrði nýr þjónustusamningur við Hraðbraut svo skólinn tæki til starfa haustið 2014. Málið velktist síðan hjá þér lengi og þú lést ekki ná í þig þrátt fyrir óteljandi tilraunir. Síðan sveikst þú öll fallegu loforðin þín.

Í janúar 2015 hittumst við á fundi. Þá lofaðir þú að gert yrði mat á fjárhagslegri hagkvæmni þess fyrir ríkið að gera þjónustusamning við Hraðbraut. Það leist mér vel á enda enginn skóli í landinu sem nálgast það að ná þeirri fjárhaglegu hagkvæmni fyrir ríkið sem tveggja ára nám í Hraðbraut býður. Þegar svar þitt barst kom í ljós að allt var svikið að nýju og engir útreikningar höfðu verið gerðir á fjárhagslegri hagkvæmni Hraðbrautar. Í það minnsta lagðir þú ekki í að birta þá.

Í febrúar á þessu ári hittumst við enn á fundi. Þá lofaðir þú mér því að gera þjónustusamning við Hraðbraut ef við gætum fengið stuðning Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra við málið. Sá stuðningur hefur legið fyrir í nokkurn tíma en ekkert heyrist í þér vegna málsins og engin leið er að ná sambandi við þig.

Nú spyr ég þig Illugi Gunnarsson: Ætlar þú að standa við loforð þitt um að gera þjónustusamning við Menntaskólann Hraðbraut svo hann geti tekið til starfa í haust? Hefur þú kjark til að fylgja grunngildum og stefnu Sjálfstæðisflokksins?





## Lars Lagerbäck kvaddi með stæl



**Takk, Lars.** Lars Lagerbäck var kvaddur með stæl eftir 4-0 sigur íslenska karlalandsliðsins í fótbolta gegn Liechtenstein á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Lars stýrði liðinu í síðasta sinn á íslenskri grundu en hann lætur af störfum eftir EM í Frakklandi. Strákarnir okkar mynduðu heiðursvörð um Svíann er hann þakkaði áhorfendum fyrir leikinn og stuðninginn í gegnum tíðina. Mun meira um leikinn má lesa á Vísi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Reynum að búa til gott partí

**Stelpurnar okkar geta tryggt sér farseðilinn í lokakeppni EM í kvöld. Þá þurfa þær aðeins stig gegn botnliði riðilsins, Makedóníu. Sara Björk Gunnarsdóttir segir að sjálfstraustið í liðinu sé óvenju gott og að liðið sé að taka stöðugum framförum. Stelpurnar ætla að reyna að skemmta áhorfendum í kvöld.**

**FÓTBOLTI** „Við erum komnar niður á jörðina núna. Við verðum að gera það,“ segir landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir en hún verður í lykilhlutverki hjá stelpunum í kvöld er þær spila gegn Makedóníu.

Stelpurnar fóru á kostum gegn Skotum á föstudaginn er þær unnu stórsigur, 0-4, í einum besta landsleik sem menn hafa séð hjá stelpunum. Þessi sigur gerði það að verkum að liðinu dugar stig gegn Makedóníu í kvöld til þess að tryggja sætið á EM á næsta ári.

### Einn okkar besti leikur

„Þetta var klárlega einn besti leikur sem við höfum spilað, þarna úti í Skotlandi. Allir leikmennirnir áttu toppleik. Undirbúningurinn fyrir leikinn var frábær og við vissum að við yrðum að eiga mjög góðan leik til þess að vinna. Það gengur ekki alltaf þannig að allir eigi toppleik en þarna small allt saman og við spiluðum einn okkar besta leik frá upphafi,“ segir Sara Björk. En var einhver sérstök ástæða fyrir því að hlutirnir smullu svona vel?

„Markmiðin hjá okkur eru mjög skýr og undirbúningurinn var fáránlega flottur. Allt síðasta ár hefur verið gott og fókusinn hefur verið mjög góður alla undankeppnina. Við höfðum verið að bíða eftir þessum Skotaleik því þar voru að mætast tvö sterkustu lið riðilsins. Þær höfðu verið með yfirlýsingar um að þær ætluðu að vinna riðilinn og ég held að þær hafi vanmetið okkur svakalega mikið. Við sýndum aftur á móti að við erum klárlega sterkasta liðið í riðlinum.“

### Getum bætt sóknarleikinn

Það er ekki bara að stelpurnar séu búnar að vinna alla fimm leiki sína í riðlinum heldur hafa þær ekki fengið á sig eitt einasta mark í leikjunum fimm. Á móti hafa þær skorað 21 mark.

„Varnarleikurinn hefur verið rosalega skipulagður og sóknarleikurinn ágætur. Mér finnst við alltaf geta bætt sóknarleikinn okkar. Svo að þora að halda boltanum á móti sterku liðunum eins og við gerðum svo vel í Skotlandi. Mér fannst vera mikið hugrekki í liðinu í Skotlandi og við spiluðum fram á við. Þetta var okkar besti sóknarleikur líka til þessa,“ segir Sara en svo virðist vera sem liðið sé að taka stórt stökk upp á við.

### Þorum að halda boltanum

„Ég er sammála því. Við erum sterkt lið sem gefur ekkert eftir. Okkar veikleiki hefur verið að halda bolta og spila fram á við. Þarna eru miklar framfarir hjá okkur. Við þorum meira enda er miklu meira sjálfstraust í hópnum. Liðið er að fá meira frá hverjum einasta leikmanni og það er auðvitað frábært. Sjálfstraustið hefur alltaf verið gott en mér finnst hópurinn óvenju sterkur núna og þjálfararnir eru að standa sig vel og þeir gera vel í að framkalla sjálfstraust hjá leikmönnunum. Undirbúningurinn er alltaf góður og svo höfum við verið lengi saman. Ég veit ekki alveg af hverju við tökum skrefið fram á við í þessum leik en vonandi getum við haldið svona áfram.“

Það er vissulega langt í EM en ef allt gengur að óskum og stelpurnar fara þangað er þá innistæða fyrir því að gera góða hluti í lokakeppninni?

„Við erum með tvö stórmót á bakinu og reynslan hjálpar auðvitað. Við förum í átta liða úrslit 2013 en að sjálfsögðu viljum við alltaf fara lengra.“

### Kúnst að spila svona leiki

Það er mjög eðlileg krafa að stelpurnar klári þennan leik í kvöld. Þær eru á toppnum en lið Makedóníu er stigalaust í neðsta sætinu. Hefur aðeins skorað tvö mörk en fengið á sig 37. Þar af töpuðu þær síðasta leik 9-0 á heimavelli. Landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson viðurkenndi eftir Skotaleikinn að makedónska liðið væri hreinlega lélegt.

„Það er alltaf smá kúnst að gíra sig upp í svona leiki. Maður veit aldrei hvernig svona lið mun spila. Þær hafa verið að tapa stórt og maður gæti haldið að það væri auðvelt að vinna svona leiki. Þær eiga eftir að liggja mjög aftarlega og það verður krefjandi að brjóta þær niður. Við þurfum að vera þolinmóðar en þegar fyrsta markið kemur þá náum við kannski að brjóta þær og búa til einhverja veislu í kjölfarið,“ segir Sara Björk en hún gerir sér vel grein fyrir því að fólk er að koma á völlinn til þess að sjá veislu hjá íslenska liðinu og síðan á að fagna EM-sæti í kjölfarið.

„Við vitum að þær eru lélegri en við og við verðum að hugsa um okkar leik. Við munum reyna okkar besta til þess að búa til gott partí fyrir fólkið sem kemur.“

**henry@frettabladid.is**



**Sara á æfingu í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> **Við vitum að þær eru lélegri en við og munum reyna okkar besta til þess að búa til gott partí fyrir fólkið sem kemur.**
>
> Sara Björk Gunnarsdóttir

---

## 3 dagar í EM 2016

Lars Lagerbäck fór þrisvar sinnum með sænska landsliðið í úrslitakeppni Evrópumótsins á sínum tíma, þar af tvisvar með Tommy Söderberg. Þetta voru EM í Hollandi og Belgíu 2000, EM í Portúgal 2004 og EM í Austurríki og Sviss 2008. Svíar sátu eftir í sínum riðli á EM 2000 (4. sæti) og á EM 2008 (3. sæti) en komust í átta liða úrslitin 2004 þar sem liðið tapaði í vítakeppni á móti Hollandi. Sænska liðið vann þó bara 2 af 10 leikjum sínum undir stjórn Lars Lagerbäck á EM. Einu sigrarnir komu í fyrsta leik á EM 2004 (5-0 sigur á Búlgaríu) og á EM 2008 (2-0 sigur á Grikkjum).



---

**Vináttulandsleikur í fóbolta**

**Ísland - Liechtenstein 4-0**

**Mörkin:** 1-0 Kolbeinn Sigþórsson (10.), 2-0 Birkir Már Sævarsson (20.), 3-0 Alfreð Finnbogason (42.), 4-0, Eiður Smári Guðjohnsen (82.).

**Lið Íslands**: Hannes Þór Halldórsson - Birkir Már Sævarsson, Ragnar Sigurðsson (Hjörtur Hermannsson 54.), Sverrir Ingi Ingason, Ari Freyr Skúlason (Hörður Björgvin Magnússon 87.) - Arnór Ingvi Traustason (Emil Hallfreðsson 69.), Aron Einar Gunnarsson, Gylfi Þór Sigurðsson, Jóhann Berg Guðmundsson (Theodór Elmar Bjarnason 46.) - Alfreð Finnbogason (Eiður Smári Guðjohnsen 46.), Kolbeinn Sigþórsson (Rúnar Már Sigurjónsson 79.)

---

**Ég trúi því ekki að þetta sé síðasti landsleikur Eiðs á heimavelli.Hann verður að fá alvöru kveðjuleik. Fáir gert meira fyrir ísl. fótbolta.**

Hörður Magnússon
**@HoddiMagnusson**

---

### ANÍTA OG ÁSDÍS Í STUÐI

Aníta Hinriksdóttir vann sigur í 800 metra hlaupi á sterku móti í Prag í Tékklandi í gærkvöldi en hún kom í mark á tímanum 2:00,54 mínútum. Hún var hársbreidd frá því að bæta þriggja ára gamalt Íslandsmet sitt sem eru 2:00,49 mínútur. Hún kom í mark á undan stúlku frá Indlandi en þetta er næstbesti tími Anítu á ferlinum. Spjótkastsdrottningin Ásdís Hjálmsdóttir keppti einnig á mótinu og náði þriðja sæti. Það sem meira er þá náði hún besta kasti sínu á árinu þegar hún negldi spjótinu 61,37 metra. Heimakonan Barbara Spotakova, ein besta spjótkastskona sögunnar, vann sigur á mótinu með kasti upp á 63,79 metra.



---

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 22.00 | **Sumarmessan** | Sport |
| 00.00 | **Bandaríkin - Kosta Ríka** | Sport |
| 02.30 | **Kólumbía - Paragvæ** | Sport |
| 19.30 | **Ísland - Makedónía** | Laugard.v. |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
7. JÚNÍ 2016 ÞRIÐJUDAGUR

# HVERNIG ER SVEFNINN HJÁ ÞÉR?

**Artasan ehf. kynnir** Lunamino er nýtt á markaði á Íslandi og það fyrsta sinnar tegundar. Það inniheldur valdar jurtir og bætiefni ásamt amínósýrunni L-tryptófan sem er byggingarefni svefnhormónsins melatóníns.

Góður svefn er undirstaða góðrar heilsu en um það bil þriðjungi mannsævinnar er varið í svefn. „Tímabundið svefnleysi getur valdið vanlíðan og þreytu á daginn og haft mikil áhrif á dagleg störf. Við eigum erfiðara með að einbeita okkur, erum þreytt og pirruð og rökhugsun skerðist. Algengt er að streita, áhyggjur, kvíði, óvissa og þunglyndi valdi því að við sofum illa en ýmsir sjúkdómar, bæði líkamlegir og andlegir geta haft bein áhrif líka. Margir kannast líka við mikla þreytu í tengslum við ferðalög milli tímabelta og/eða vaktavinnu og svo hefur mataræðið einnig áhrif,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**NÝTT SVEFNBÆTIEFNI**

Lunamino er nýtt á íslenskum markaði og er að sögn Hrannar alveg einstakt. Það inniheldur L-tryptófan, valdar jurtir og bætiefni sem öll eru þekkt fyrir róandi og slakandi áhrif. „Þessi blanda getur hjálpað okkur að sofna og gert nætursvefninn betri og samfelldari.“

**SVEFNHORMÓNIÐ MELATÓNÍN**

„L-tryptófan er amínósýra sem við fáum úr ýmsum matvælum, t.d. úr eggjum, osti, laxi, hnetum, fræjum, kalkúnakjöti og tofu. Þessi amínósýra er lífsnauðsynleg því líkami okkar framleiðir hana ekki sjálfur. L-tryptófan er byggingarefni svefnhormónsins melatóníns sem heilaköngullinn framleiðir og getur það því haft áhrif á svefn.“

**EINSTÖK BLANDA**

„Auk L-tryptófans inniheldur Lunamino vel þekktar jurtir: Melissu sem hjálpar okkur að sofna ásamt lindarblómi og höfrum sem eru sérstaklega róandi. Lunamino inniheldur einnig blöndu af B-vítamínum og magnesíum. B-vítamín eru sérlega mikilvæg fyrir starfsemi taugakerfisins og magnesíum sem er vöðvaslakandi og getur m.a. dregið úr fótapirringi.“

**UM 30% ÞJÁST AF SVEFNLEYSI**

Svefnleysi er að sögn Hrannar útbreitt heilsufarsvandamál sem hefur alvarlegar sálrænar, líkamlegar og efnahagslegar afleiðingar í för með sér. Talið er að um 30% Íslendinga eigi við svefnvandamál að stríða og er neysla svefnlyfja mun meiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum.

„Lunamino getur reynst afar hjálplegt við að komast út úr þeim vítahring sem svefnleysi getur valdið og hjálpað til við að bæta svefninn og svefnmynstrið. Það er þó ekki síður mikilvægt að koma sér upp rútínu fyrir svefninn sem miðar að því að róa hugann og fá okkur til að slaka á.

**SVEFNLEYSI OG ÞYNGD**

Svefn og mataræði tengjast sterkum böndum en það er gott að hafa það í huga að meltingin þarf líka hvíld á nóttunni. „Best er að borða létta máltíð á kvöldin og góð regla er að borða ekki eftir kl. 19. Örvandi drykkjum sem innihalda koffín og/eða sykur ætti að sleppa alveg sem og að borða sætindi og ruslfæði, því þó svo að við sofnum eru miklar líkur á því að við vöknum þegar blóðsykurinn nær lágmarki. Einnig hefur svefnleysi áhrif á seddu og svengdarhormónin leptín og ghrelin sem ásamt brenglun á streituhormóninu kortisóli auka löngun okkar í orkuríkan mat. Flest þekkjum við það líka að ef við erum þreytt og ekki úthvíld, þá sækjum við frekar í ruslfæði og sætindi sem gefa okkur skjótfengna orku. Þetta er því vítahringur sem mörgum getur reynst erfitt að komast út úr en eins og alltaf, þá er góður svefn undirstaða heilbrigðs lífs.“



Lunamino inniheldur L-tryptófan, valdar jurtir og bætiefni. Það getur hjálpað fólki að sofna og gert nætursvefninn betri og samfelldari.



> Lunamino getur reynst afar hjálplegt við að komast út úr þeim vítahring sem svefnleysi getur valdið og hjálpað til við að bæta svefninn og svefnmynstrið.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir




Lunamino er nýtt á íslenskum markaði.

**Svefnvandamál og svefnleysi geta átt sér dýpri rætur og þá er um að gera að leita til fagaðila sem sérhæfa sig í þeim.**

**Sölustaðir:** **apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana**



# GOTT Á GRILLIÐ

Grillaður laxaborgari er hollur og góður réttur. Það er vel hægt að grilla fisk á útigrilli. Grillmatur þarf ekki að vera löðrandi í maríneringu.


Laxaborgari er bæði ljúffengur og hollur.

**LAXABORGARI**
**Uppskriftin miðast við fjóra**

700 g laxaflak
2 sneiðar heilhveitibrauð
2 vorlaukar
1 hvítlauksrif
Lúka af ferskum kóríander
1 egg
1 msk. majónes
1 tsk. gróft sinnep
1 msk. límónusafi
Salt og nýmalaður pipar

**LÁRPERUSALSA**

2 lárperur
Ferskur kóríander
Safi úr hálfri límónu
Salt og pipar
4 hamborgarabrauð
Spínat

**1** Bakið brauðsneiðarnar í ofni við 220°C í 5-10 mínútur eða þar til brauðið verður stökkt.
**2** Skerið laxinn í grófa bita og setjið í matvinnsluvél ásamt brauðinu. Hakkið saman.
**3** Skerið vorlauk og setjið út í laxadeigið, sömuleiðis hvítlauk og kóríander. Síðan er annað sem talið er upp sett saman við.
**4** Útbúið fjóra væna borgara úr deiginu. Þar sem deigið klístrast er gott ráð að hafa kalt vatn í skál til að dýfa fingrunum í. Setjið borgarana í plastfilmu og geymið á köldum stað í hálftíma. Þá fá þeir að brjóta sig aðeins.
**5** Á meðan er lárperusalsað útbúið. Skerið lárperu til helminga og takið steininn úr. Takið úr hýðinu með skeið. Skerið lárperuna í bita, setjið í skál ásamt kóríander, límónusafa, salt og pipar. Blandið varlega saman.
**6** Penslið borgarana með smávegis olíu. Setjið á heitt grill og grillið þá í 3-4 mínútur á hvorri hlið. Hitið hamborgarabrauðin á grillinu rétt áður en borgararnir eru tilbúnir.
**7** Setjið spínat á annað brauðið, leggið laxaborgara þar ofan á og síðan lárperusalsa. Að sjálfsögðu má hafa annað meðlæti eftir smekk.

**KARTÖFLUSALAT MEÐ KOTASÆLU**

Kartöflusalat er mjög gott með grilluðum laxaborgara. Til að gera salatið hollt er hér notuð kotasæla. 6 stórar, soðnar kartöflur

1 epli
2 vorlaukar
Dressing
3 dl kotasæla
2 msk. sætt sinnep
Salt
Sítrónupipar
1 tsk. sykur
Smávegis sítrónusafi
3 tsk. fínt skorinn graslaukur

Skerið kartöflur og epli í bita og setjið í skál með vorlauknum. Blandið allt saman sem á að fara í dressinguna og blandið henni síðan saman við karöflurnar og eplið. Dreifið graslauk yfir.















# NÝTT UMBOÐ FYRIR FIAT- OG CHRYSLER-BÍLA

**Ísband er orðið dreifingaraðili fyrir Fiat Chrysler og fyrstu bílarnir eru að koma til landsins. Í vöruúrvalinu verða bílar frá Fiat, Chrysler, Jeep, Dodge og Alfa Romeo. Umboðið staðsett í miðbæ Mosfellsbæjar.**

Íslensk-Bandaríska ehf. (Ísband) er orðið dreifingaraðili á Íslandi fyrir Fiat Chrysler í Evrópu og Bandaríkjunum. Ísland er eitt örfárra landa í heiminum sem fær bíla Fiat Chrysler bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum en þessi markaðssvæði eru að hluta til sitt með hvorar bílategundirnar. Bílarnir eru keyptir beint af verksmiðjum á Ítalíu og í Bandaríkjunum. Fyrstu bílarnir fara að koma til landsins en sala þeirra mun hefjast í þessum mánuði. Formleg opnun verður ekki fyrr en í haust þegar heildstætt vöruval verður í boði. Til að byrja með verða fluttir inn Fiat-fólksbílar, Fiat Professional atvinnubílar, Jeep-jeppar, Ram-pallbílar og Dodge Durango 7 manna jeppar. Á næsta ári er áætlað að hefja innflutning á Alfa Romeo og Chrysler-bílum.

### Umboðið verður í Mosfellsbæ

Nýtt Fiat Chrysler umboð verður opnað í húsnæði Ísband í Þverholti 6 í miðbæ Mosfellsbæjar, en þar hefur á síðustu árum einnig verið til húsa bílasalan 100 bílar. Til að rýma fyrir nýjum bílum munu 100 bílar flytja á næstunni í Stekkjarbakka 4, við hliðina á Garðheimum. Þjónustuverkstæði og varahlutaverslun verða svo í rúmgóðu húsnæði á Smiðshöfða 5 en þar er hátt til lofts og mikið rými svo gott verður að þjónusta stóra bíla eins og Fiat-húsbíla, Ram-pallbíla og vinnubíla. Stór hluti húsbílaflota landsins er frá Fiat.

### Mikið úrval Fiat-bíla

Októ Þorgrímsson, eigandi Ísband, hefur starfað við bílainnflutning í um tvo áratugi og hefur mikla reynslu af innflutningi á bandarískum bílum og þá sérstaklega frá Jeep, Dodge og Ram. Jeep Grand Cherokee og Ram-pallbílar hafa verið afar vinsælir hér á landi þrátt fyrir að hér hafi ekki verið umboð fyrir þá í fjölda ára. Nokkuð er síðan Fiat-umboð starfaði á Íslandi en það var áður gert í gegnum Danmörku. Ísband kaupir nú milliliðalaust af verksmiðjunum á Ítalíu og í Bandaríkjunum. Fyrstur bíla frá Fiat, sem í boði verða, er Fiat 500 og í kjölfar hans kemur lengri gerð hans, Fiat 500L. Einnig verður Fiat Panda til sölu í 3 útfærslum, sem fólksbíll, fjórhjóladrifsbíll og jeppaútgáfa. Þetta er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fæst fjórhjóladrifinn og hefur verið kallaður á ensku „The Pocket Size SUV“ eða „vasajeppinn“. Í haust kemur nýr og spennandi bíll sem heitir Fiat Tipo en hann var valinn „Bestu bílakaupin 2016“ af samtökunum Autobest. Þessi bíll kemur sem sedan, stallbakur og langbakur. Þessir bílar verða á mjög hagstæðu verði miðað við stærð og búnað.

### Jeep, Dodge og Ram

Frá Jeep verður í boði flaggskipið Jeep Grand Cherokee, Jeep Cherokee, Jeep Renegade og Jeep Wrangler en sá síðastnefndi er goðsögn í bílaheiminum og byggður á gamla Willys. Frá Dodge verður sjö manna jeppinn Dodge Durango í boði en fleiri bílar frá Dodge gætu bæst við á næsta ári. Ram-pallbílar verða til sölu, bæði í 1500- og 3500-útgáfunum.

Upp úr miðjum júní verður opnað rúmgott þjónustuverkstæði og varahlutaverslun í Smiðshöfða 5. Þar er hátt til lofts sem gerir Ísband kleift að þjónusta þann mikla fjölda Fiat-húsbíla sem er á landinu, en 75% húsbíla í Evrópu eru frá Fiat. Þetta verkstæði mun jafnframt verða almennt bifreiðaverkstæði sem þjónustar allar bíltegundir enda hafa starfsmenn Ísband unnið hjá stærstu bifreiðaumboðum landsins og hafa mikla reynslu.

Jóhannes Jóhannesson fer fyrir rekstri þjónustusviðs, hann hefur mikla reynslu af þjónustu við bíleigendur og hefur starfað lengi fyrir Toyota.




BETRA START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

**Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.**




Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
Ellingsen

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858



BMW 750d.

# BMW 750d með heimsins öflugustu 6 strokka dísilvél

Í júlí á þessu ári setur BMW á markað BMW 750d xDrive sem verður með heimsins öflugustu sex strokka dísilvél sem sendir 400 hestöfl til allra hjólanna. Þessi vél er aðeins með 3,0 lítra sprengirými og engin dæmi um svo öfluga dísilvél með ekki stærra sprengirými. Þessi stóri bíll, sem er flaggskip BMW, er með þessari vél aðeins 4,6 sekúndur upp í 100 km hraða og hámarkshraðinn er rafrænt takmarkaður við 250 km/klst. Hægt verður að fá bílinn af lengri gerð og ber hann þá nafnið 750Ld xDrive. Þó svo að þessa öfluga vél taki verulega fram afli forvera síns minnkar eyðslan um 11% og er aðeins 5,7 lítrar á hverja 100 kílómetra og koltvísýringsmengunin aðeins 149 g/km. Vélin er með fjórar forþjöppur og þær láta til sín taka á öllu snúningssviði vélarinnar þar sem þær vinna á ólíkan hátt, sumar við lágan snúning en aðrar við háan.



Óskemmtileg aðkoma.

# Níu Nissan Skyline urðu eldi að bráð í Kaliforníu

Einn mest elskaði bíll meðal bílaáhugamanna er Nissan Skyline og því er eftirsjá að hverju eintaki sem hverfur af sjónarsviðinu. Því var það ekki fagnaðarefni er 9 slíkir bílar brunnu í einu í Kaliforníu um daginn.

Bílarnir voru allir geymdir í vöruhúsi sem brann og komið hefur í ljós eftir brunann að í aðliggjandi húsi var heilmikil marijúanaræktun. Svo mikil var raforkunotkunin við ræktunina að rafkerfi húsanna brann yfir og bæði húsin urðu eldi að bráð með öllu því sem þar var geymt.

Auk þessara 9 Nissan Skyline bíla brunnu þrír japanskir sportbílar og 12 aðrir bílar. Nissan Skyline er forveri eins athygliverðasta sportbíls dagsins í dag, Nissan GT-R, bíls sem er handsmíðaður og getur att kappi við flesta ofurbíla heims, enda fer hann Nürburgring-brautina á 7 mínútum og 19 sekúndum og tekur sprettinn í hundrað á 2,8 sekúndum. Reyndar fer Nismo Nissan GT-R útgáfan þann sprett á 2,1 sekúndu.



Volvo XC40 náðist á mynd við prufanir á dögunum.

# Volvo ætlar ekki að framleiða minni bíl en S40

Þýsku lúxusbílaframleiðendurnir BMW, Audi og Mercedes Benz hafa allir tekið þátt í söluslagnum um smáa lúxusbíla og hafa nú allir slíka bíla í sölu. Volvo, sem einnig telst lúxusbílaframleiðandi, ætlar hins vegar ekki að taka þátt í þessum slag og mun ekki framleiða minni bíl en Volvo 40-línuna. Hann verður líklega framleiddur í nokkrum útfærslum og staðfest að þar á meðal sé S40 og XC40, en sá síðartaldi hefur ekki sést áður.

Volvo hefur ekki góða reynslu af framleiðslu minni bíls en Volvo C30 bíll þeirra seldist illa þrátt fyrir ágætt ytra útlit hans. Volvo ætlar að endurnýja allar bílgerðir sínar á næstu 4 árum og nú þegar hefur það verið gert með XC90-jeppann og stóru S90- og V90-bílana, sem leysa af S80- og V70-bílana. Næst hlýtur því að vera að vænta nýrra gerða 40- og 60-línu Volvo-bíla.

Ýmislegt fleira verður þó á prjónunum hjá Volvo, svo sem bíll sem eingöngu verður knúinn rafmagni og á hann að koma á markað árið 2019.



Porsche Panamera.

# PANAMERA JAFNAR TÍMA PORSCHE CARRERA GT

**Nýr Porsche Panamera Turbo er jafn fljótur og ofurbíllinn Porsche Carrera GT sem þó taldist til ofurbíla fyrir skömmu.**

Þeir eru ólíkir bílarnir Porsche Panamera og Porsche Carrera GT, annar þeirra fjögurra sæta, stór fjölskyldubíll þar sem vel fer um farþega og hinn ofurbíll sem ætlaður er til að glíma við akstursbrautir. Það merkilega er þó að ný kynslóð Porsche Panamera Turbo náði að jafna tíma Porsche Carrera GT bílsins á Nürburgring-akstursbrautinni þýsku og náði þar tímanum 7:28 mínútur.

Vissulega er Porsche Carrera GT ekki nýr bíll en hann kom fram á sjónarsviðið árið 2004 og var framleiddur í 1.270 eintökum fram til ársins 2007. Hann hefur allar götur síðan þótt einstakur akstursbíll og gríðarlega öflugur með sína 612 hestafla V10-vél. Það verður þó að teljast mögnuð þróun hjá Porsche að framleiða nú fjölskyldubíl sem er er álíka snöggur að aka Nürburgring-brautina.

Nýr Porsche Panamera er með V8-vél og tvær forþjöppur sem tengdar eru við PDK-sjálfskiptingu og bíllinn er fjórhjóladrifinn, öndvert við Porsche Carrera GT, sem er afturhjóladrifinn.

Nýja Panameran er bíll sem troðinn er af lúxus og nýrri tækni og því er hann miklu þyngri en hinn 1.450 kg Porsche Carrera GT, en á einhvern óskiljanlegan hátt er hann gæddur slíkri akstursþæfni að vera jafn hraðskreiður og ofurbíllinn sem Porsche framleiddi fyrir 10 árum.

# FRAMLEIÐENDUR Í JAPAN HÁÐIR SÖLU BÍLA Í BNA?

Japönskum bílaframleiðendum hefur tekist ákaflega vel að hasla sér völl í Bandaríkjunum og sumir þeirra selja afar stóra hlutdeild bíla sinna þar. Til að mynda seljast 66% allrar framleiðslu Subaru í Bandaríkjunum. Samsvarandi hlutfall er 50% hjá Honda, 37% hjá Nissan, 30% hjá Toyota og 29% hjá Mazda. Hjá öllum þessum framleiðendum eru Bandaríkin stærsti markaðurinn. Svo rammt kveður að þessu að General Motors í Bandaríkjunum er með minni hlutdeild í sölu bíla sinna í Bandaríkjunum en Subaru, Honda og Nissan, eða 34%.

Gríðarleg bílasala hefur verið í Bandaríkjunum á undanförnum misserum og japönsku bílaframleiðendurnir hafa grætt á tá og fingri þar vestra á meðan. Nú er þó blikur á lofti og farið að hægjast á aukningunni í bílasölu þar. Forstjóri Nissan, Carlos Ghosn, segir að japanskir framleiðendur verði að fara að huga að nýjum vaxtarmöguleikum og ekki treysta um of á hagnaðarmyndun í Bandaríkjunum.



Subaru selur 66% bíla sinna í Bandaríkjunum.

Samfelldur vöxtur hefur verið í Bandaríkjunum í 7 ár í röð en allan þann tíma segir Ghosn að Nissan hafi verið að undirbúa sig undir stöðnun í sölu og sótt af krafti á markaði í Brasilíu, Taílandi, Indónesíu, Malasíu, Kína og Mexíkó. Einnig setti Nissan lágverðsmerkið Datsun á markað á mörkuðum sem ekki þola hátt verð.

Toyota spáir því að fyrirtækið muni ekki selja fleiri bíla í Bandaríkjunum í ár en í fyrra og Nissan spáir því að salan þar muni hætta að vaxa á næsta ári.

Toyota horfir nú til heimamarkaðar í Asíu sem spáð er að vaxi um 5% í ár, sem og annarra markaða sem ekki teljast til vestrænna landa.




## Með 486.000 kr. ferðapakka kaupauka í takmarkaðan tíma.

RAV4 2WD Hybrid eða 2WD Dísil býðst núna með veglegum ferðapakka í takmarkaðan tíma: sex manna tjald, gasgrill, stólar og borð fyrir útileguna, þverbogar og farangursbox á toppnum ásamt leiðsögukerfi sem vísar veginn að næsta tjaldstæði.

Gerðu ferðaklárt fyrir sumarið hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Audi RS4 fær minni vél en aukið afl.

## Audi RS4 fær 480 hestafla 3,0 lítra V6 vél og eykur aflið

Núverandi gerð Audi RS4 Avant er með V8 vél sem sturtar út 450 grimmum hestöflum til allra hjóla bílsins, en sú vél verður aflögð í næstu gerð bílsins öfluga. Sést hefur til prófana nýja bílsins á Nürburgring-brautinni þýsku og hann er með 3,0 lítra V6 vél. Ný 3,0 lítra TFSI V6 vélin sem er í nokkrum gerðum Audi-bíla er nú 354 hestöfl en það mun ekki duga í nýjum Audi RS4 bíl, því þá yrði hann aflminni og það er ekki títt milli kynslóða Audi-bíla, né annarra framleiðenda. Því mun þessi vél fá nýjar gerðir forþjappa, líklega einhverjar þeirra rafdrifnar sem munu gefa vélinni 480 hestöfl og 500 Nm tog. Ekki einungis mun nýr Audi RS4 njóta aukins afls heldur mun bíllinn léttast mjög mikið, ekki bara vegna léttari vélar heldur einnig vegna þess að hann fær nýjan undirvagn, þann sama og er undir nýjum Audi A4 og S4. Audi RS4 verður fær um að taka sprettinn í 100 á litlum 4,2 sekúndum, sem er ekki slæmt fyrir fjölskyldubíl af langbaksgerð.



Tesla Roadster

## Næsti Tesla Roadster árið 2019

Tesla Motors er nú um stundir að glíma við gríðarlega eftirspurn eftir Model 3 bílnum sem meira en 400.000 kaupendur hafa skrifað sig fyrir og greitt 1.000 dollara inn á hver um sig. Engu að síður er Tesla nú þegar farið að vinna að næstu kynslóð Tesla Roadster bílsins þó lítið hafi borist af upplýsingum frá Tesla um þann bíl. Þó var haft eftir Peter Bardenfleth-Hansen sem fer fyrir Tesla á Norðurlöndunum að bíllinn verði breyttur í útliti, hann muni stækka og verða talsvert sneggri en forverinn. Margir stóðu reyndar í þeirri trú að Tesla myndi hætta framleiðslu Roadster-bílsins nú þegar þrjár aðrar gerðir eru í framleiðslu eða munu brátt koma á markað, þ.e. Model S, Model X og Model 3. Tesla Roadster mun fá sama undirvagn og Model 3, öflugri rafhlöður og öflugri rafmótora, en meira var ekki látið uppi. Núverandi eigendum Tesla Roadster mun einnig standa til boða að fá nýjar rafhlöður í bíla sína, nýjar felgur og dekk með minni mótstöðu og vindkljúfa sem minnka loftmótstöðu bílsins.






Suzuki Baleno.

# NÝ KYNSLÓÐ SUZUKI BALENO KEMUR Á ÓVART

Flottur og öflugur smábíll á einkar lágu verði. Er með furðu miklum staðalbúnaði og frábærri þriggja strokka 1,0 lítra vél.

Þeir sem eru að leita eftir skemmtilegum og smáum bíl ættu ef til vill að skoða vel glænýjan bíl sem var að koma í Suzuki-umboðið. Þar fer ný kynslóð Suzuki Baleno og var fyrsti bíllinn reyndur af Fréttablaðinu fyrir örfáum dögum. Þessi bíll kom um margt á óvart, ekki síst fyrir furðulega lágt verð sem á bílnum er miðað við útbúnað og getu, þ.e. frá 2,5 milljónum. Í bílnum er hrikalega skemmtileg þriggja strokka og 1,0 lítra vél sem er einkar spræk, enda skráð fyrir 112 hestöflum.

### Er aðeins 850 kíló

Það sem meira er, bíllinn er aðeins 850 kíló, sem er fáheyrt og því er þessi vél hreinlega öflug í þessum bíl. Hann rýkur frísklega af stað og togið kemur svo neðarlega á snúningssviðinu að bíllinn sparkast áfram og gleður ökumann í leiðinni. Baleno er næsta stærð fyrir ofan Suzuki Swift, en virkar miklu stærri í ytra útliti. Hönnunin er þannig úr garði gerð að hann virkar mun stærri en hann raunverulega er og satt best að segja er hann beinlínis fallegur og framendinn töffaralegur. Eitt af því sem furðu vekur við bílinn er ótrúlegt fótarýmið aftur í og minnir það á betri lúxusbíla. Þá er skottrýmið einnig ágætt og sérlega djúpt og ættu golfsettin að passa þar ágætlega.

### Merkilega vel búinn

Staðalbúnaður er fínn og flottur aðgerðaskjár í miðju mælaborðsins með leiðsögukerfi og þar er líka bakkmyndavél, eitthvað sem maður á ekki að venjast í svo ódýrum bílum. Skriðstillir, hiti í sætum og skynvædd hemlun, ef farið er of hratt að bíl fyrir framan, er svo rúsínan í pylsuendanum. Hún var prófuð rækilega og svínvirkaði með miklum viðvörunarhávaða. Ágætt hljóðkerfi er líka í bílnum. Akstureiginleikar bílsins er furðu góðir og hjálpar þar verulega til hversu bíllinn er léttur og hann hendist viljugur í beygjurnar. Til að finna nú eitthvað neikvætt við þennan bíl þá mætti hann vera betur hljóðeinangraður, en þess er nú ekki að vænta fyrir svo ódýran bíl. Einnig mætti hann hafa sjötta gírinn í beinskiptingunni þegar hratt er farið og myndi það minnka eyðsluna. Hún er reyndar uppgefin rétt ríflega 4 lítrar og í reynsluakstrinum var hún lengstum 4,9 lítrar, enda frísklega farið. Bíllinn verður kynntur næsta laugardag.

# STARFSFÓLK VW FÆR BÓNUSA SEM FYRR

Bónusar lækka um 260.000 kr. en nema samt 540.000 kr.

Það starfsfólk sem vinnur í samsetningarverksmiðjum Volkswagen en vant að fá myndarlega ársbónusa fyrir vinnu sína og á því verður engin breyting nú. Volkswagen ætlar að verðlauna allt starfsfólk sitt með 540.000 króna bónus fyrir vinnu sína í fyrra. Í fyrra fékk starfsfólkið reyndar 800.000 kr. bónus og því hefur hann lækkað um 260.000 krónur. Fjárhagur Volkswagen hefur versnað mjög í kjölfar uppgötvunar dísilvélasvindls fyrirtækisins, en það hefur samt fjárhagslegt bolmagn til að greiða starfsfólki sínu vel og bónusa ofan á föst laun. Í skýringu stjórnarmanns Volkswagen vegna greiðslu bónusanna nú sagði hann að starfsfólk hefði unnið undir miklu álagi, ekki síst vegna umræðunnar sem dísilvélasvindlið hafði í för með sér, en hefði skilað frábærri vinnu og sala Volkswagen hefði aukist á þessum erfiðu tímum, þökk sé góðu starfsfólki, og því væri einfaldlega rétt að verðlauna það fyrir vel unnin störf. Sala Volkswagen-bíla hefur aukist um 0,6% á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs, en öll önnur undirmerki Volkswagen, svo sem Audi, Porsche, Skoda, Man og Scania eru með mun meiri vöxt í sölu.



Í verksmiðju Volkswagen í Wolfsburg.


Audi
Vorsprung durch Technik
Audi A4
Reynsluaktu nýjum Audi A4
Öflugri, sparneytnari og snjallari: Nýr Audi A4 sameinar tækni og fagurfræði með einstökum hætti. Nýstárlegt Audi Virtual mælaborð með 12,3 tommu háskerpu LCD skjá og Bang & Olufsen hljómkerfi (valbúnaður) með þrívíðu hljóði gefa innanrýminu áhrifamikið yfirbragð.
Komdu og reynsluaktu nýjum Audi A4 sem er margverðlaunaður um allan heim.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is
5 ára ábyrgð

TOYTA HILUX

2,4 L DÍSILVÉL MEÐ FORÞJÖPPU
150 HESTÖFL
Fjórhjóladrif

Eyðsla 6,4 l/100 km í bl. akstri

Mengun 185 g/km $CO_2$
Hröðun 13,2 sek.
Hámarkshraði 170 km/klst.
Verð 5.870.000 kr.
Umboð Toyota á Íslandi

**KEMUR Á ÓVART**
- Hve ótrúlega hæfur bíllinn er í torfæruakstri
- Hve mikið bíllinn hefur fríkkað, ekki síst að innan
- Hve hratt var hægt að aka bílnum á malarvegunum og hve hljóðlátur hann er

- Engin lúxusbílainnrétting, en ekki þannig hugsaður



Hiluxinn að glíma við sandöldurnar í Dune 7 en hæstu sandöldur í heimi eru í Namibíu. MYND/FINNUR THORLACIUS

# SÁ ÓDREPANDI BATNAR ENN OG FRÍKKAR

Toyota Hilux kemur nú af áttundu kynslóð. Ef þessi bíll var ódrepandi áður er hann nú eilífur. Hreint magnaður bíll í ófærum en fágaður sem aldrei fyrr og snoppufríður að auki. Sá besti er orðinn enn betri.

**TOYOTA HILUX**
Finnur Thorlacius reynsluekur

Það er ekki á hverjum degi sem bílablaðamenn eru boðaðir í reynsluakstur í Afríku en það átti við reynsluakstur nýrrar kynslóðar pallbílsins Toyota Hilux. Hann fór fram í Namibíu, landi sem liggur að Atlantshafi og á landamæri að S-Afríku í suðri. Að prófunin fari fram í Namibíu skýrist að hluta til af því að bíllinn er framleiddur í Durban í nágrannaríkinu S-Afríku og það fyrir bæði Evrópumarkað og Afríku. Að auki er Namibía alveg kjörið land til að prófa bíl eins og Hilux sem fær er um að glíma við þetta hrjóstruga og víða fjöllótta land.

Það er talsvert ferðalag til Namibíu og tók það 28 klukkustundir frá Keflavík til Windhoek, höfuðborgar landsins, þar sem ævintýrið við prófanir hans hófst.

### 18 milljónir eintaka af Hilux

Toyota Hilux hefur verið framleiddur frá árinu 1968 og á því stutt í fimmtugt. Þessi harðjaxl, sem ekki einu sinni Top Gear menn náðu að eyðileggja þrátt fyrir mikinn vilja, hefur verið framleiddur í 18 milljónum eintaka frá upphafi og á það satt að segja við afar fáar bílgerðir og sýnir hversu vinsæll þessi bíll er um allan heim. Enda hefur hann ávallt verið talinn til allra duglegustu bíla og getur glímt við erfiðar aðstæður sem er sannarlega víðar að finna en á Íslandi. Hilux er að sjálfsögðu langsöluhæsti pallbíll í Evrópu og á það líka við um Ísland. Alls hafa 815.000 Hilux-bílar verið seldir í álfunni frá upphafi.

Greinarritari hafði fyrir tveimur árum notið þess að reynsluaka fyrri kynslóð Hilux yfir Sprengisand og þar sannaðist hversu frábær ferðafélagi þessi bíll er og hæfur á erfiðari leiðum. Því var spenningurinn mikill að sjá hvort Toyota gæti gert enn betur og víst er að það gerðu þeir einmitt með nýrri kynslóð.



- Akstursgeta
- Styrkur
- Útlit
- Eyðsla

**Hreint ótrúleg geta í torfærum**

Það kom oft fyrir í reynsluakstrinum í Namibíu að undirritaður hafði enga trú á því að bíllinn kæmist yfir hindranirnar sem framundan voru. Ávallt þurfti þó að endurskoða afstöðu sína því alltaf kraflaði Hiluxinn sig út úr vandræðunum og hrikalegum ófærunum.

Sjaldan hefur sá sem þetta ritar verið eins hissa á getu bíls og oft áhyggjum hlaðinn af því að skemma hann en aldrei sá þó á þessum harðduglega þjarki. En talandi um þjark þá er aldeilis ekki svo að um neinn hráan og grófgerðan bíl í útliti sé að ræða. Hann er orðinn svo flottur að innan að hann telst enginn eftirbátur annarra „fínni“ Toyotabíla sem ætlaðir eru við betri aðstæður. Því má segja að bíllinn sé eins og kameljón, í sparifötunum á malbikinu en breytist í villidýr þegar færðin spillist.

**Jafnvígur á fjöll, sand og sléttlendi**

Þá má víst telja að aldrei hefur undirritaður ekið eins mikið og oft á lága drifinu sem bíllinn skartar áfram, sem og með læst drifið. Veitti nú heldur ekki af við klifur upp allt að 2.000 metra há fjöllin í Namibíu. Hugsanlega tók þó öllu öðru fram að kynnast getu bílsins í tröllauknum sandöldum Namibíu en þær eru ansi gljúpar og erfiðar yfirferðar vegna bratta. Þar var bíllinn í essinu sínu, líkt og með harðara undirlag undir fótum í fjallaklifrinu. Á lengri leiðum á góðum malarvegum landsins sigldi svo Hiluxinn tignarlega á 140 km hraða löngum stundum og var fögur sýn að líta bílalestina fara á milli staða á mettíma.

Margur bíleigandinn, ekki síst á Íslandi, hlýtur að vera guðslifandi feginn að enn fáist bílar byggðir á grind og á það blessunarlega við Hilux, sem og bróður hans Land Cruiser, en sífellt færri aðra jeppa og pallbíla. Toyota er því trútt upprunanum og velur að útfæra bílinn áfram eins hæfan til utanvegaaksturs og fyrr, en bara aðeins betri nú. Hann getur nú að auki togað allt að 3,5 tonna aftanívagn.

**Harðdugleg en eyðslugrönn dísilvél**

Hilux er með 2,4 lítra dísilvél með forþjöppu, 150 hestöfl og tengd við 6 gíra beinskiptingu eða 6 gíra sjálfskiptingu. Þar fer harðdugleg vél sem togar 4.000 Nm en eyðir aðeins 6,4 lítrum í blönduðum akstri, en í líflegum reynsluakstrinum var bíllinn oftast með ríflega 7 lítra eyðslu. Eyðsla bílsins hefur minnkað um 9% á milli kynslóða. Hilux er nú 20% stífari og með 20% meiri hreyfigetu hjóla og þeim mun hæfari til utanvegaaksturs. Toyota hefur lagt mikið upp úr hljóðeinangrun hans og mikil bragarbót þar á.

Þessi áttunda kynslóð bílsins ódrepandi skilur alla ökumenn eftir með frosið bros á vörunum, hann einfaldlega getur allt og mikil leit er að annarri eins upplifun við akstur. Undirritaður hefur aldrei verið mikill aðdáandi pallbíla, en verður nú að endurskoða afstöðu sína.



MYNDIR/PÁLL ÞORSTEINSSON

**TOYOTA HILUX var ekið yfir 500 km leið um hrjóstrugt landslag Namibíu**

**ERFIÐLEIKARNIR sem bílnum mætti virtust á stundum óyfirstíganlegir**

**BÍLLINN ER SVO HÆFUR í torfæruakstri að undrun sætir**



SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**NISSAN X-Trail Elegance.** Árgerð 2006, ekinn 137 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 1.380.000.**
Rnr.101266.



**SUZUKI Grand Vitara Sport.** Skr. 07.2007, ekinn 148 Þ.KM, bensín, 5 gírar, dráttarbeisli.
**Verð 1.580.000.**
Rnr.101209.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.** Skr. 11.2011, ekinn 70 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 3.350.000.**
Rnr.101222.



**SUZUKI Grand Vitara Sport.** Skr. 06.2009, ekinn 81 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.980.000.**
Rnr.101249.



**SUZUKI Swift GLX.** Skr. 06.2013, ekinn 78 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.080.000.**
Rnr.101238.



**SUZUKI SX4 S-Cross 2wd.** Skr. 12.2015, ekinn 4 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.850.000.**
Rnr.101250.



**VW Polo Trendline.** Skr. 06.2013, ekinn 62 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.690.000.**
Rnr.101251.



**SUZUKI Alto GL.** Skr. 12.2012, ekinn 37 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.450.000.**
Rnr.101180.



**KIA Ceed lx.** Skr. 06.2012, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 2.280.000.**
Rnr.101253.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

Komdu og skoðaðu úrvalið



BMW Z5 Roadster.

## Sportbíll BMW og Toyota smíðaður hjá Magna Steyr

BMW og Toyota hafa í sameiningu þróað nýjan sportbíl sem kemur á markað árið 2018 og verður smíðaður hjá austurríska framleiðandanum Magna Steyr í Graz. Hjá BMW fær þessi nýi bíll líklega nafnið BMW Z5 og hjá Toyota fær hann hugsanlega nafnið Toyota Supra. Gert er ráð fyrir því að Magna Steyr smíði 60.000 eintök af þessum bílum á ári.

Magna Steyr hefur að undanförnu smíðað Mini Paceman og Mini Countryman fyrir BMW í Graz en BMW á Mini-bílamerkið. Smíði beggja þessara bíla verður hætt hjá Magna Steyr þegar smíði nýja sportbílsins hefst. Framleiðslu Paceman verður alfarið hætt en smíði Countryman mun flytjast til Hollands þar sem nú þegar er smíðaður Mini hatchback.

BMW hefur verið með Z4-sportbílinn í sölu frá árinu 2009, en hinn nýi Z5 mun leysa hann af hólmi.

### Lítil sala í tveggja sæta sportbílum

Sala Z4 féll um 47% á fyrsta fjórðungi þessa árs og sala hans nemur aðeins 0,3% af heildarsölu BMW. Vonir BMW standa til að nýr Z5 geri betur. Tveggja sæta Roadster-bílar seljast reyndar mjög illa um heim allan um þessar mundir og sala slíkra bíla telur lítið í heildarsölunni. Því má segja að framleiðsla þessa nýja sportbíls BMW og Toyota sé miklu fremur til að halda uppi ímynd fyrirtækjanna en til hagnaðarsköpunar.

Magna Steyr hefur löngum sérhæft sig í smíði bíla sem seljast í fáum eintökum en eru sérstakir og mjög margir blæjubílar hafa verið smíðaðir þar gegnum tíðina. Magna Steyr smíðar einnig Mercedes G-Class jeppann (Geländerwagen) fyrir Mercedes Benz. Á síðasta ári framleiddi Magna Steyr 103.904 bíla en árið 2018 verður framleiðslan komin upp í 200.000 bíla.

# LEXUS-FLOTINN FRÍÐI TEKINN TIL KOSTANNA

## Lexus bauð til reynsluaksturs á öllum sínum sölubílum.

Það er alls ekki leiðinlegt að þeysast um fagurt Suðurlandið í frábæru veðri eins og var síðastliðinn föstudag. Það er þó enn þá betra ef bílakosturinn til slíks er góður. Lexus á Íslandi efndi til reynsluaksturs á öllum sínum sölubílum í síðustu viku og bauð blaðamönnum að reyna alla lúxusbílana. Í flotanum voru bílarnir IS 300h, RC 300h, GS 450h, RX 450h og tvær útfærslur jepplingsins NX. Þarna fara einstakir lúxusbílar með krafta í kögglum. Ekið var til Nesjavalla frá Lexus í Kauptúni og þar skipt um bíla svo allir þátttakendur gætu prófað alla bílana. Aftur var skipt við Peningagjá á Þingvöllum, því næst í Þrastarlundi, svo við Rauða húsið á Eyrarbakka og loks við hverina í Krýsuvík. Með því gátu allir prófað þessar skruggukerrur.



Lexus lestin á leið um Þingvelli. MYND/LEXUS

### Brjálaður kvartmíluakstur

Endað var svo á því að koma við á Kvartmílubrautinni og þar tók Kristján Einar Kristjánsson, fyrrverandi Formúlu 3 ökumaður, við stýrinu og sýndi hvernig átti að aka besta ökutækinu, Lexus RC 300h bílnum á braut. Þar supu allir þátttakendur hveljur við brjálaðan akstur Kristjáns, sem og getu bílsins til þessa aksturs. Þar sannaðist hversu gríðargott ökutæki bíllinn er og fullyrti Kristján að það þyrfti það allra besta frá Porsche til að jafna akstursgetu þessa magnaða bíls. Flestar beygjur á breyttri og frábærri akstursbrautinni í Kapelluhrauni voru teknar á hlið og enginn blaðamannanna hefði þorað að aka brautina á þann hátt sem Kristján gerði og víst er að enginn hefði heldur þorað að bremsa eins seint fyrir beygjurnar. Farþegar komu titrandi en glaðir út úr bíl Kristjáns þennan daginn.

### Lexus RC 300h notið alla helgina

Lexus endaði svo á því að bjóða öllum þátttakendum að hafa hver sinn bílinn úr þessum flota alla helgina og var undirritaður svo heppinn að fá Lexus RC 300h bílinn til afnota og var hann svo sannarlega notaður. Hann fékk áfram að þeysast um Suðurlandið báða helgardagana og fékk að leika túrista í eigin landi með allri þeirri fegurð sem þar leynist. Ekki fór þó hjá því að mesta fegurðin leyndist í bílnum sjálfum og víst er að margir sem hann litu á þessari ferð sneru sig næstum úr hálsliðnum við að horfa á eftir bílnum, svo mikla athygli vakti hann. Það sem þeir gátu þó ekki notið var akstursánægjan sem hann býður upp á en þessi bíll liggur svo til án þess að hægja ferðina eins og klessa á veginum og óhætt er að fara hringtorgin á honum svo til án þess að hægja ferðina. Einhvern veginn í áranum hefur Lexus tekist að líma framenda þessa bíls við veginn og þar fer heldur enginn letingi með sín 223 hestöfl og Hybrid-kerfi. Miðað við gæði er bíllinn á hófstilltu verði, eða á ríflega 10 milljónir króna og systurbíll hans, með sömu drifrás, Lexus IS 300h er einkar hóflega verðlagður á 6,4 milljónir króna. Mæla má sannarlega með þeim báðum.




RENAULT
Passion for life
GULLFALLEGIR
CAPTUR OG KADJAR
CAPTUR
KADJAR
VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA
NÝJUM RENAULT Í DAG.
Hefur þú kynnt þér Captur eða Kadjar frá Renault? Tveir spennandi kostir sem eru hlaðnir staðalbúnaði, 5 stjörnu öryggi og þekktir fyrir þægindi, tæknibúnað og frábært verð. Renault Captur er snaggaralegur bíll í millistærð með hátt undir lægsta punkt, frábær í akstri og fæst í mörgum litaútfærslum. Renault Kadjar er glæsilegur sportjeppi sem fæst bæði með framhjóladrifi eða öflugu fjórhjóladrifi. Kadjar er rúmgóður og einstaklega vel hannaður.
Og að sjálfsögðu er sparneytnin í fyrirrúmi í öllum Renault bifreiðum.
Þú kemst einfaldlega lengra á Renault.
Renault Captur
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
Verð: 3.690.000 kr.
Verð á mánuði 56.570 kr.**
Fleiri útgáfur í boði.
Nánari upplýsingar á Renault.is
Renault Kadjar 2wd
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,8 l/100 km*
Verð : 4.390.000 kr.
Verð á mánuði 67.278 kr.**
Fleiri útgáfur í boði.
Nánari upplýsingar á Renault.is
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“
**Mánaðarlegar afborganir í 84 mánuði samkvæmt fjármögnunar reiknivél
á Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SÍA / NM75186
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

## VOLKSWAGEN TIGUAN

**2,0 L DÍSILVÉL MEÐ FORÞJÖPPU, 150 HESTÖFL**
**Framhjóladrif**
**Eyðsla** 5,6 l./100 km í bl. akstri
**Mengun** 147 g/km CO2

**Hröðun** 9,3 sek.
**Hámarkshraði** 200 km/klst
**Verð** 5.890.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Slæleg einkunn í öryggisprófunum

- Útlit
- Pláss
- Staðalbúnaður




**VOLKSWAGEN TIGUAN**
Finnur Thorlacius reynsluekur

# TÍGRISDÝRIÐ SKIPTIR UM HAM OG STÆKKAR

**Tiguan kemur nú af annarri kynslóð með skarpari línum og stórauknum búnaði. Hefur stækkað milli kynslóða og er ákaflega rúmur að innan og með mun stærra farangursrými. Hefur samt lést um 82 kíló.**

Volkswagen Tiguan jepplingurinn kom fyrst á markað árið 2007 og því kominn tími á nýja kynslóð bílsins. Alls hafa selst 2,8 milljónir Tiguan-bíla og því greinilega um vel heppnaðan bíl að ræða. Þessi fjöldi bíla myndi þekja 3.000 fótboltavelli ef þær stæðu þétt saman. Hann er nú seldur í 170 löndum og því mikill alheimsbíll, enda sölunet Volkswagen afar þétt. Athyglisvert er að 60% þessara 2,8 milljóna bíla hafa verið seldir í Evrópu og 25% þeirra í heimalandinu Þýskalandi.

Útlitslega hefur Tiguan breyst mikið og það til góðs. Hann er með mun hvassari línum, rétt eins og margir af nýju bílunum úr stóru Volkswagen-bílafjölskyldunni og má nefna nýja bíla Skoda því til sönnunar. Tiguan mun bæði bjóðast með fjórhjóladrifi og framhjóladrifi og í ýmsum útfærslum hvað innréttingu og búnað varðar. Sem fyrr sér Volkswagen til þess að bíllinn fáist í útfærslu sem hentar kröfum allra en talsvert verðbil er á milli þeirra.

### Lengist um 6 cm en léttist um 82 kg

Nýr Tiguan hefur stækkað, er nú 6 sentimetrum lengri, 3 cm lengri milli hjóla, en 3 mm lægri og því sportlegri fyrir vikið. Skottrýmið hefur aukist talsvert með lengingunni, eða um 50 lítra og er nú 520 lítra. Aftursætisrými er nú stærra og fótarými betra og aftursætin nú á brautum og ef þau eru sett fram í fremstu stöðu stækkar skottrýmið í 615 lítra. Aftursætin geta færst fram og aftur um heila 18 cm.

Þrátt fyrir stækkunina hefur Tiguan lést um 82 kíló, en miðað við stækkun bílsins og aukinn búnað hefði bíllinn átt að þyngjast um 66 kíló. Lækkun skottops uppá 5 cm auðveldar hleðslu hans og 7% stækkun skottopsins hjálpar ennfremur til.

### Fullfær um að kljást við torfærur

Á Íslandi er Tiguan í boði með 150 hestafla 2,0 lítra dísilvél og 150 hestafla 1,4 lítra bensínvél, en einnig verður hægt að sérpanta bílinn með 190 hestafla bensínvél. Dísilvélin er mjög sparneytin og eyðir aðeins 5,6 lítrum í blönduðum akstri og sú eyðsla sannaðist í reynsluakstrinum sem fór fram í Berlín og nágrenni.

Bíllinn var einnig reyndur á sérútbúinni þrautabraut þar sem torfærugeta hans kom í ljós. Þar reyndist hann fullfær um að klífa brekkur með allt að 50% halla, eiga við mikinn hliðarhalla og talsverða ófærð. Óhætt er að segja að íslenskir kaupendur Tiguan geti treyst á þennan bíl til að skila sér á áfangastað þrátt fyrir að ýmsum hindrunum sé mætt á leiðinni.

Aðaltilgangurinn með smíði jepplinga er að þeir séu þægilegir, nytsamlegir og auðvelt að umgangast þá. Þeir eru því ekki beinlínis hugsaðir fyrir afburða akstursæfni en sem jepplingur er þessi bíll þó býsna nálægt því þótt hann eigi nokkuð í land í samanburði við afburða akstursbíl eins og Volkswagen Passat sem ræður við talsvert snarpari akstur. Þannig er þessi bíll alls ekki hugsaður og bara hæð hans á vegi kemur í veg fyrir að aka megi honum eins og pönnukökuliggjandi fólksbíl.







**LAGLEG INNRÉTTING** eins og ávallt á reyndar við um bíla Volkswagen

**TORFÆRUR** reyndust henta Tiguan vel og þar sýndi hann flott tilþrif

**STÓRT SKOTT** Bíllinn hefur stækkað og skottið rúmar 50 lítrum meira

### Gæti klórað í lúxusjepplingaflokkinn

Þó svo að Tiguan muni að mestu keppa við jepplinga eins og Mazda CX-5, Ford Kuga, Nissan Qashqai og Renault Kadjar þá er ekki fjarri því að hann muni einnig keppa um hyllina við lúxusbíla eins og Audi Q3 og BMW X-1 og er það vegna þess hve bíllinn er vel útbúinn og innréttingin er orðin lúxusleg.

Óhætt er að segja að Tiguan komi afar vel búinn, meira að segja í grunnútfærslunni. Hann kemur á ferlega flottum 17 tommu álfelgum, er með akreinavara, nálgunarvara að framan og aftan, halogen-aðalljósum, 8 hátalara hljóðkerfi sem svínvirkar, stórum og flottum upplýsingaskjá með afburða upplausn, leðurklæddu aðgerðastýri og þokuljósum með beygjustýringu, svo eitthvað af góðgætinu sé nefnt.

### Á samkeppnishæfu verði

Verðið á Tiguan hækkar á milli kynslóða, en hann fæst ódýrastur frá 5.390.000 kr. með litlu bensínvélinni og dýrastur í Highline útfærslu á 6.890.000 kr. og er þar um nokkuð hátt verð að ræða. Svo samkeppnisbílar séu bornir saman má nefna að Mazda CX-5 kostar frá 5.490.000 kr. og þá fjórhjóladrifinn, Ford Kuga einnig fjórhjóladrifinn frá 5.490.000 kr. og Nissan Quashqai frá 3.990.000 kr. með framhjóladrifi en aðeins 110 hestafla dísilvél. Það má því segja að nýr Tiguan sé á mjög svo samkeppnishæfu verði.

Volkswagen Tiguan verður seinna á þessu ári í boði sem tengiltvinnbíll og er þar örugglega um áhugaverðan kost að ræða.




## *Fjórhjóladrifin skemmtun!*

